



Heillaði alla Björk sýndi allar sínar bestu hliðar er hún steig á svið í Eldborg í Hörpu á laugardagskvöldið. Á tónleikunum, sem voru hluti af Airwaves-hátíðinni, flutti söngkonan helstu lög nýjustu plötu sinnar Vulnicura og nokkrar eldri tónsmíðar, þar á meðal eitt þekktasta lag sitt, Jóga, og lagið I've Seen it All úr kvikmyndinni Dancer in the Dark. GETTY/NORDICPHOTOS

Aðsókn nýnema í kennaranám hrunin

Þrefalt færri skráðu sig í grunnskólakennaranám í haust en fyrir tíu árum og helmingi færri en fyrir fimm árum. Á sama tíma hætta þrefalt fleiri kennarar en hefja nám, segir Ágúst Tómasson í Vogaskóla. Leiðbeinendur komi í stað kennara. Málið snúist ekki aðeins um launin.

SKÓLAR Fjöldi þeirra nýnema sem voru innritaðir í B.Ed. grunnskólakennaranám í ár er einungis þriðjungur af því sem var fyrir áratug. Árið 2006 voru 244 nemendur innritaðir, árið 2011 voru þeir 160 en voru 79 í ár.

Í dag þarf að ljúka meistaranámi til þess að hljóta réttindi sem grunnskólakennari. Í ár voru 70 nemendur innritaðir í M.Ed. nám. Búast má við að einungis hluti þeirra útskrifist.

Kennarar eru sammingslausir og hafa tvisvar fellt nýlega kjarasamninga, í júní og í september. Eins og fram kom í Fréttablaðinu á föstudaginn jók úrskurður kjararáðs, um launahækkun alþingismanna og ráðherra, mjög á óánægju þeirra.

Ágúst Tómasson, trúnaðarmaður kennara í Vogaskóla, segir málið snúast um meira en kaup og kjör þeirra núna.

„Meðalaldur kennara er 48 ár,

Við sem höfum kosið þetta að ævistarfi sjáum ekki bara fram á léleg laun heldur líka að sjálft kerfið er að brotna niður.

Ágúst Tómasson, trúnaðarmaður kennara í Vogaskóla



skilst mér. Stærstur hluti af kennurum er búinn að afsala sér kennsluafslætti og ef meðalaaldurinn er 48 ár eru margir sem eru komnir á sjötugsaldur og nýliðun er mjög lítil.“


Ágúst segir að á meðan innan við 100 nemendur séu að hefja grunnskólakennaranám séu um 300 kennarar sem hætta störfum.

„Þannig að á næstu örfáum árum verður meðalkennarinn kona á sjötugsaldri með 20-30 krakka fyrir

framan sig kennandi 26 tíma á viku. Það er stóra myndin,“ segir Ágúst.

Leiðbeinendum í grunnskólum hefur fjölgað að sögn Ágústs.

„Yfirleitt hefur verið hægt að manna skóla í Reykjavík með menntuðum kennurum, en það er ekki alveg lengur. Við sem höfum kosið þetta að ævistarfi sjáum ekki bara fram á léleg laun heldur líka að sjálft kerfið er að brotna niður,“ segir Ágúst Tómasson. – jhh



Kosið á morgun í Bandaríkjunum

BANDARÍKIN Nýr forseti verður kosinn í Bandaríkjunum á morgun.

Alls hyggjast 46,6 prósent Bandaríkjamanna kjósa Hillary Clinton en 44,8 prósent Donald Trump samkvæmt könnunum. Ljóst er að kjörsókn getur ráðið úrslitum.

Í gær bárust fréttir af því að FBI mælti ekki með því að ákæra Clinton fyrir tölvupóstamálið þrátt fyrir ný gögn í málinu.

– þea / sjá síðu 8

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Andri skrifar um Samfylkinguna. **13**

SPORT Ísland tapaði fyrir Úkraínu í undankeppni EM 2018. **14**

TÍMAMÓT Fedgin með fyrirlestur um einelti. **16**

LÍFIÐ Elma Stefanía leikur í tryllinum Ég man þig. Fram undan er hlutverk í dularfullri mynd sem hún er þögul sem gröfin um. **22**



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ÞÚ ÞARFT
Nesti
á ferðinni

Nestlé hluti af NI

Pinex® Smelt
Munddreifitöflur
250 mg

Actavis


Nilfisk

NILFISK
háþrýstidætur

olis

Sími 515 1100 • pontun@olis.is

Veður



Stíf sunnanátt og hlýtt í dag. Talsverð rigning sunnan- og vestanlands, en lítilsháttar rigning á norðaustanverðu landinu. Gengur í suðaustan storm vestan til á landinu í kvöld. **SJÁ SIÐU 18**



Bandarískir sérsveitarmenn undirbúa sóknina. NORDICPHOTOS/AFP

Beina sjónum sínum að Raqqa

SÝRLAND Herir Kúrda og Araba hyggjast nú sækja að sýrlensku borginni Raqqa sem kölluð hefur verið höfuðborg hryðjuverkasamtakanna Daish, sem kenna sig við íslamskt ríki.

Bandalagið, sem kallast SDF, mun njóta aðstoðar lofthers Bandaríkjanna í árásinni. Almennir borgarar eru varaðir við því að fara nærri svæðum þar sem herliðar Daish halda sig.

Í dag hófst einangrunarþrep og næst munum við sparka Daish út úr Raqqa.

Brett McGurk, fulltrúi Bandaríkjahers

Tilkynnt var um fyrirhugaða sókn á blaðamannafundi í bænum Ain Issa, um fimmtíu kílómetrum frá Raqqa. „Hin stóra orrusta um Raqqa og nærliggjandi svæði er hafin,“ sagði talsmaður SDF á blaðamannafundinum.

„Sóknin fer fram í nokkrum þrepum. Í dag hófst einangrunarþrep og næst munum við sparka Daish út úr Raqqa. Það mun gerast,“ sagði Brett McGurk, fulltrúi Bandaríkjahers.

Her SDF telur um 30 þúsund manns, þar af eru 25 þúsund Kúrdar. – þea

Airwaves-pönk



Finnsku pönkararnir í Pertti Kurikan Nimipäivät léku á Gauknum á Airwaves í gær. Hljómsveitin vakti lukku er hún tók þátt í Eurovision árið 2015.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bjarni ræddi við forsetann í gær

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, ræddi við Guðna Th. Jóhannesson, forseta Íslands, í síma í gær. Ekki fengust upplýsingar um hvað þeir ræddu.

Þegar Guðni veitti Bjarna stjórnarmyndunarumboðið á miðviku-dag bað forsetinn hann um að vera í sambandi um eða eftir helgina til að upplýsa um stöðu mála varðandi stjórnarmyndunarviðræður.

Um helgina ræddu Bjarni, Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, og Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, saman. Óttarr sagði þá ekki hafa hist heldur aðeins „heyrst í raun og veru til þess að ræða að það væri ekkert sérstakt að fréttu“. Engar formlegar stjórnarmyndunarviðræður væru hafnar.

Þá sagðist Óttarr ekki hafa rætt við forystufólk í öðrum flokkum um helgina. – skh

Göngufólk á Vatnaleið styggir fé á afréttinum

Fjallskilanevnd í Borgarfirði lýsir áhyggjum af vaxandi ágangi ferðamanna sem styggja kindur á afrétti. Bæði um að ræða göngufólk og akandi á Vatnaleið, segir nefndarmaðurinn Sigurjón Jóhannesson, bóndi á Valbjarnarvöllum á Mýrum.

LANDBÚNAÐUR Ört vaxandi fjallaferðamennska er farin að valda íslenskum fjárbændum áhyggjum.

Málið var rætt á fundi fjallskilanevndar Borgarhrepps, Stafholtstungna og Norðurárdals vestan Norðurrar fyrir helgi. Þriðju og síðustu leitar haustsins á svæði nefndarinnar voru sunnudaginn 16. október og skiluðu þær um eitt hundrað kindum og nokkrum erlendum ferðamönnum sem fest höfðu jeppa sinn á fjöllum.

„Það er orðið dálítið mikið um gönguhópa sem fara svokallaða Vatnaleið. Þetta er náttúrulega einmitt yfir sumartímann þegar féð er á svæðinu,“ segir Sigurjón Jóhannesson, bóndi á Valbjarnarvöllum á Mýrum og fulltrúi í fjallskilanevndinni sem ræddi „aukinn ágang ferðamanna á afréttinum, gangandi og akandi“ á síðasta fundi:

„Nefndin lýsir yfir áhyggjum sínum af áhrifum þess á sauðfé og vekur athygli á að auka þarf þjónustu og eftirlit með mannvirkjum samfara þeirri þróun,“ bókaði nefndin.

Sigurjón segir hópa á eigin vegum og frá Ferðafélagi Íslands ganga Vatnaleiðina sem liggur frá Hlíðarvatni um Hítarvatn og Langavatn í Hreðavatn. Og það sé gott mál.

„Aðalmálið, finnst mér, er ef fólk er með hunda sem eru ekki vanir fé. Þeir eru til í það að stökkva í kindur og styggja þær. Við höfum rætt að fólk hafi hundana í bandi þegar farið er um þar sem aðalfjársvæðið er,“ segir Sigurjón.

Það er ekki aðeins göngufólk sem fer um þessar slóðir að sögn Sigurjóns. Mikil jeppaumferð sé um troðninga inn Langavatnsdal.

„Menn eru að keyra þar og er í sjálfu sér ekkert hægt við því að gera,“



Horft yfir Hafradal á Vatnaleið. Hafradalsá rennur í Langavatnsá sem síðan fellur í Langavatn úr norðri.

Aðalmálið, finnst mér, er ef fólk er með hunda sem eru ekki vanir fé. Þeir eru til í það að stökkva í kindur og styggja þær.

Sigurjón Jóhannesson, bóndi á Valbjarnarvöllum

segir Sigurjón. Í fyrrnefndum leitum fyrir rúmum hálfum mánuði hafi smalar komið til hjálpar útlingum sem skilið höfðu bíl sinn eftir kirfilega fastan í drullu.

„Það átti að fara að leita að þeim en það var hægt að ná sambandi einhvers staðar og þá uppgötvaðist að þeir voru ekki týndir. Þeir slógu sér

bara saman við leitarmenn,“ lýsir Sigurjón. Erlendir öikumenn aki óhikað út í hvað sem er. „Það er reyndar líka þannig með suma Íslendinga, þeir halda að það fljóti alla vega á meðan ekki sekkur.“

Fjallskilanevndin skoraði á fundinum einnig á sveitarstjórn Borgarbyggðar að beita sér fyrir því að komið verði á farsímasambandi á svæðinu. Sigurjón segir að það myndi bæta öryggi til muna.

„Það er merkilegt að ekki skuli að minnsta kosti vera búíð, á fjölfarinni leið eins og inn Langavatnsdal, að setja upp endurvarpa svo þar sé samband. Að vísu er hægt að fara þar sem hæst er upp en útlingar fátta það ekki. Þeir festa bíla þarna og ganga þá kannski langar leiðir í stað þess að fara upp.“ gar@frettabladid.is



Verkfæðingafélag Íslands Tæknifræðingafélag Íslands

Atkvæðagreiðsla um sameiningu VFÍ og TFÍ

Dagana 5. – 11. nóvember fer fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Verkfæðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands um sameiningu félaganna.

Félagsmönnum hafa verið sendar upplýsingar í tölvupósti. Þær er einnig að finna á heimasíðum félaganna:

www.vfi.is
www.tfi.is

Félagsmenn sem ekki hafa fengið tölvupóst frá skrifstofu félaganna eru vinsamlega beðnir um að tilkynna um rétt netfang með því að senda tölvupóst: lydiaosk@verktaekni.is eða hringja í síma: 535 9300.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til þess að kynna sér upplýsingar um sameiningarmálið leita svara við spurningum sem kunna að vakna og framar öllu taka þátt í atkvæðagreiðslunni.



Way of Life!

LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG SUZUKI 4X4



ALLGRIP



ALLGRIP



ALLGRIP



SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

Fjöldbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.

Vertu klár í veturinn, láttu ekkert stoppa þig

ALLGRIP

4WD All-grip skapar aksturseginnleika í sérflokk.

KOMDU
Í HEIMSÓKN
OG KYNNTU
ÞÉR ÚRVALIÐ

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Dýpsta borhola landsins komin 3,6 kílómetra niður á Reykjanesi

ORKA Mikilvægum áfanga hefur verið náð í íslenska djúpbörunarverkefninu IDDP. Borholan RN-15/IDDP-2 á Reykjanesi er nú orðin rúmlega 3,6 kílómetra djúp. Holan er á vinnslusvæði Reykjanesvirkjunar. Þetta er í fyrsta skipti sem borað er svo djúpt á jarðhitasvæði á Íslandi og líklega á háhitasvæði í heiminum öllum.

Frá þessu segir á heimasíðu HS Orku. Um er að ræða samstarfsverkefni um djúpbörun sem leitt er af HS Orku og unnið í samstarfi við norska olíufélagið Statoil og önnur fyrirtæki innan íslenska djúpbör-

unarverkefnisins (IDDP).

Tilgangur djúpbörunarverkefnisins er að kanna hvort framleiða megi orku úr djúplægum jarðhita-kerfum sem gæti aukið orkuframleiðslu háhitasvæða umtalsvert og þar með dregið úr umhverfisáhrifum og landrýmisþörf orkuvinnslunnar.

Vinnslutækni djúprar borholu ræðst af því hvernig jarðhitavökvinnst á fjögurra til fimm kílómetra dýpi. Reynist efnasamsetningin viðráðanleg og unnt verður að vinna yfirhitada orkuríka gufu beint upp úr djúpu borholunni er



það fyrsti valkostur sem mun þar með auka orkuvinnslu á Reykjanesi.

Framhald verksins verður með þeim hætti að gerðar verða umfangsmiklar jarðeðlisfræðimælingar í holunni og þess verður freistað að ná borkjörnum úr djúpborginu. Sett markmið er að bora niður á allt að fimm kílómetra dýpi þar sem búast má við hitastigi sem nemur 400 til 500 gráðum. – shá

HS Orka gæti margfaldað orkuframleiðslu sína ef vel tekst til – með minni umhverfisáhrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Björgunarmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í nógu að snúast

BJÖRGUNARMÁL Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar höfðu nógu að gera um helgina. Tvær rjúpnaskyttur villtust og fundust á Snæfellsnesi og þyrta var kölluð út til að bjarga manni í sjálfhældu á Langanesi.

Rjúpnaskytturnar villtust í slæmu veðri á Snæfellsnesi eftir að hafa haldið til veiða úr Staðarsveit. Fjölmenni leitaði og fundust mennirnir blautir og kaldir en heilir á húfi upp úr hádegi í gær.

Þá lenti maður í sjálfhældu á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi. Þyrta Landhelgisgæslunnar flutti sérhæft fjallabjörgunarfólk á staðinn. – þea

Kostar að leggja bíl við Sól-farið

SAMFÉLAG Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt að bílastæði við Sól-farið við Sæbraut verði gjaldskyld. Kosta mun 275 krónur á klukkustund að leggja þar frá klukkan níu til átján virka daga og frá klukkan tíu til sextán á laugardögum. Staðin við listaverk Jóns Gunnars Árnasonar hafa hingað til verið gjaldfrjál.

Í greinargerð Kolbrúnar Jónatansdóttur, framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs, segir að mikið hafi borið á að bílum væri lagt við Sól-farið í lengri tíma þannig að erfitt sé fyrir þá sem komi í skoðunarferðir að fá bílastæði. Átján stæði eru við Sól-farið. – bbh

Félagslegar íbúðir dreifist víðar

Ekki hefur tekist að vinda ofan af félagslegu leiguhúsnæði sem byggt var í Fellunum á sínum tíma. Stefna ætti að því að dreifa slíkum íbúðum um alla Reykjavík en ekki bara í Efra-Breiðholt að mati verkefnisstjóra.

SAMFÉLAG „Við megum ekki gleyma því að Breiðholtið er stórt hverfi og það er mjög mikil fjölbreytni hérna, við megum ekki bara tala hverfið okkar niður. Það er mikill félagsauður hérna.“ Þetta segir Elísabet Karlsdóttir, verkefnisstjóri félagsmiðstöðva í Breiðholti.

„Það þýðir ekki að tala alltaf um að það sé svona mikill vandi í kringum þetta,“ heldur Elísabet áfram. „Við þurfum að tala það upp hvað eru mikil tækifæri hérna.“

Efra-Breiðholt hefur verið mikið til umræðu á síðustu dögum eftir að sagt var að það skæri sig úr öðrum hverfum í skýrslu Rauða krossins um hagi lakast settu íbúa Reykjavíkurborgar.

Elísabet segir skýrsluna alls ekki hafa komið þeim sem vinna í félagsþjónustu í Breiðholti á óvart.

„Við erum mjög meðvitund um það að við erum bæði með mikið af lágtekjufólki, einstæðum foreldrum og hælisleitendum. Við erum með mikla fjölmenningu hérna. Þetta er fyrsta og fremst út af félagsbústöðum, vegna þess að húsnæði hér hefur verið á lægra verði,“ segir hún.

Að sögn Elísabetar eru starfsmenn félagsþjónustunnar í Breiðholti alltaf að hugsa um hvernig hægt sé að bæta þjónustuna til að mæta þörfum þessa hóps.

Þuríður Sigurðardóttir sér um sérstakt fjölskylduverkefni, Tinnu, sem er úrræði fyrir unga einstæða foreldra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu til lengri tíma í Breiðholti. Hún segir hugsunina við verkefnið að rjúfa félagslegan arf.

„Þetta eru kannski annarrar kynslóðar fjárhagsaðstoðarþegar. Stundum eru foreldrarnir að þigga



Þuríður Sigurðardóttir og Elísabet Karlsdóttir segja marga hugsa um hvernig auka megi velferð fólks í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þau eru ekki að nýta fristundakortin og eru ekki að aðlagast í samfélaginu nema þeim hópum sem þau tilheyra, hópi fátækra fjölskyldna.

Þuríður Sigurðardóttir, verkefnisstjóri

fjárhagsaðstoð en það þarf líka að huga að börnunum, þau eru ekki að nýta fristundakortin og eru ekki að aðlagast í samfélaginu nema þeim hópum sem þau tilheyra, hópi fátækra fjölskyldna.“

Þuríður segir lyklatríði að rjúfa víthringinn með því að ná til

barnanna. Einnig sé mikilvægt að efla menntunartígið í Breiðholti, en styrkur hefur verið veittur til íslenskukennslu síðustu árin.

Þuríður og Elísabet eru sammála um að gott samstarf ríki á mörgum vígstöðvum til að bæta ástandið í Breiðholti, meira að segja séu fyrirtæki sem vilji leggja sitt af mörkum. Þörf sé þó á auknu fjármagni.

Þuríður segir einnig að ekki hafi tekist að vinda ofan af félagslegu leiguhúsnæði sem var byggt í Fellunum á sínum tíma.

„Stefna ætti að ríkja um að dreifa félagslegum íbúðum um alla Reykjavík en ekki bara í Efra-Breiðholti.“ saeunn@frettabladid.is

Fullkomin fásinna

Lögreglumaðurinn **Birgir Örn Guðjónsson** segir í blogg færslu, eftir að Fréttablaðið greindi frá umkvörtunum



úr Fellahverfi um að lögregla sinni hverfinu ekki vel, að lögreglumenn í Efra-Breiðholti sinni því svæði betur en nokkru öðru hverfi á hans svæði.

„Góðu fréttirnar eru þær að við erum alls ekki að hunsa þetta hverfi, síður en svo. Sorglegi sannleikurinn er samt sá að það eru yfirleitt einungis tveir lögreglubílar sem sjá um eftirlit og útköll á þessu svæði, sem er bæði Kópavogur og Breiðholt,“ skrifar Birgir, einnig þekktur sem Biggi löggætti.

„Málið er að það kostar vísit pening að halda úti löggæslu og sá peningur hefur því miður verið af skornum skammti. Þessi umræða er nefnilega nátengd umræðu síðustu vikna um stöðu lögreglunnar á Íslandi,“ segir Birgir. „Það er alls staðar skorið við nögl. Þetta er það sem við höfum verið að benda á. Þetta hefur bara verið áherslan hjá ráðamönnum. Eða réttara sagt, þetta hefur ekki verið áherslan.“

Þá vikur Birgir að því sem haft var eftir erlendum verslunareiganda í Fellahverfi að lögregla bregðist fyrir við ef Íslendingur biður um aðstoð en ef útlendingur hringir. „Það er að sjálfsögðu algjör og fullkomin fásinna.“

Fiskréttur vikunnar

7. - 11. nóvember



Keila í Indversku Karry

★ 1.890 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

Makita®

Mögnuð rafmagnsverkfæri og frábært verð

18V sett: Borvél og hersluskrúfvél

Borvél DDF480

Kolalaus mótur	
Patróna	13 mm
Hámarks hersla	60 Nm
Þyngd með rafhlöðu	1,8 kg

Hersluskrúfvél DTD129

Kolalaus mótur	
Patróna	¼" (sexkantur)
Hámarks hersla	160 Nm
Þyngd með rafhlöðu	1,4 kg



2 x 5 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgja
Hleðslutími á tóma rafhlöðu ca 45 mín.

Kr. 75.900,-
með VSK

18V sett: Borvél og slípirokkur

Borvél DHP481

Kolalaus mótur	
Patróna	13 mm
Hámarks hersla	125 Nm
Þyngd með rafhlöðu	2,4 kg

Slípirokkur DGA504

Kolalaus mótur	
Skífustærð	125 mm
Þyngd með rafhlöðu	2,5 kg



3 x 5 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgja
Hleðslutími á tóma rafhlöðu ca 45 mín

Kr. 90.000,-
með VSK

18V sett: Borvél með bitum & borum

Borvél DHP453

Patróna	13mm
Hámarks hersla	38 Nm
Þyngd með rafhlöðu	1,7 kg

2 x 3 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgja
Hleðslutími á tóma rafhlöðu ca 22 mín.

Kr. 39.900,-
með VSK



Plötusög með landi

Plötusög SP6000J1

Mótur	1300W
Sagarblað	165 mm
Sagardýpt	40 mm
Þyngd	4,4 kg
Lengd lands	140 cm



Kr. 69.900,-
með VSK

SDS+ Höggborvél með broti

Höggborvél SDS+ HR2470

Mótur	780W
Slagþyngd	2,4 J
Þyngd	2,9 kg

Kr. 23.900,-
með VSK



SDS MAX Brotvél

Brotvél SDS MAX HM1203C

Mótur	1510W
Slagþyngd	19,1 J
Þyngd	9,7 kg
Fleygasett fylgir með	

Kr. 118.900,-
með VSK



18V sett: 6 verkfæri í einu setti

6 stk sett - DLX6066TJX2

Borvél	DHP481
Hersluskrúfvél	DTD129
Hjolsög	DHS680
SDS+ Höggbor	DHR243
Slípirokkur	DGA506
Multisög	DTM51

3 x 5 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgir
Hleðslutími á tóma rafhlöðu ca 45 mín
Vagn fyrir verkfærin fylgir

Kr. 190.000,-
með VSK



Ofangreind verð gilda aðeins vikuna 7.11. - 11.11.2016 meðan birgðir endast.

Fyrirvari er settur vegna hugsanlegra ritvillna.



PÓR

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is





Sólheimar í Grímsnesi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fatlað fólk fær miskabætur

DÓMSMÁL Velferðarþjónusta Árnes-sýslu og Grímsnes- og Grafnings-herppur hafa verið dæmd til að borga sjö fötludum einstaklingum á Sólheimum hálf milljón króna hverjum í miskabætur fyrir að neita þeim um aksturþjónustu.

Fram kemur í dómi Héraðsdóms Suðurlands að ákvarðanir um að synja fólkinu um umbeðnar 120 ferðir á mánuði með ferðarþjónustu fatlaðra á strætisvagnaverði hafi ekki verið teknar að athuguðu máli. Þess vegna verði að fella ákvarðanirnar úr gildi.

„Fyrir liggur samkvæmt læknisvottorðum að stefnendur eru allir ófærir um að nýta sér almennings-samgöngur,“ segir dómurinn og bendir á að samkvæmt lögum sé markmið ferðarþjónustu fatlaðs fólks að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. – gar

Andóf gegn ofríki Erdogans



Fjöldi kvenna mótmælti handtökum þingmanna HDP-flokks Kúrda í Istanbul í gær. Handtökurnar eru liður í aðgerðum Recep Tayyip Erdogan forseta gegn stjórnámálmönnum hliðhollum klerknum Fetullah Gülen. Erdogan segir þá hafa staðið að valdaránstílraun í júlí. NORDICPHOTOS/AFP

Aðgerðir til bjargar Mývatni eru hafnar

Verkfræðistofa vinnur úttekt á fráveitumálum við Mývatn. Efla á rannsóknir og vöktun, að ákvörðun fráfarandi ríkisstjórnar. Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá er að hefjast. Fámennst sveitarfélag getur ekki eitt borið fjárhagslega ábyrgð á málinu.

UMHVERFISMÁL Heildstæð úttekt á fráveitumálum við Mývatn er hafin og er niðurstaða hennar væntanleg síðar í haust. Úttektin verður lögð til grundvallar með aðkomu ríkisins við framkvæmdir í fráveitumálum í Skútustadahreppi.

Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins. Úttektin er gerð að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Skútustadahrepps í framhaldi af vinnu samstarfshóps ráðherra vegna ástandsins í vatninu – þar sem fjallað var um orsakir vandans og mögulegar aðgerðir til úrbóta.

Í skýrslunni segir að „gott er að ná niðurstöðu um fjármögnun átaks í fráveitumálum við Mývatn sem fyrst svo hægt sé að gera ráð fyrir verulegum framkvæmdum í Reykjahlíð á árinu 2017“.

Í svari ráðuneytisins, þar sem Hugl Ólafsson skrifstofustjóri heldur á penna, segir að engin forskrift sé í lögum um vernd Mývatns og Laxár, eða í reglugerð, um hver hlutur ríkisins ætti að vera, eða gæti verið, í framkvæmdum í fráveitumálum.

Hins vegar sé ljóst að „fullur skilningur er á því að sveitarfélagið er fámenn og á erfitt með að axla eitt fjárhagslega ábyrgð á því að hertar kröfur gilda um fráveitumál þar, sem byggðar eru á sérlögum [Lög um verndun Mývatns og Laxár]. Þessi mál þarf að skoða að fenginni úttekt á fráveitumálunum og vinna í samvinnu ríkis og sveitarfélagsins.“

Nefnt er í skýrslunni að efla verði rannsóknir og vöktun á Mývatni og Laxá og lífríkinu. Ríkisstjórnin samþykkti að efla rannsóknir og vöktun,



Um vernd Mývatns og Laxár gilda sérlög og sérstök verndaráætlun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

samkvæmt minnisblaði umhverfisráðherra. Var þar sérstaklega nefnd vöktun á innstreymi næringarefna og skyldar rannsóknir, sem geta gagnast til að bæta yfirsýn yfir uppsettur næringarefna og hugsanlegar afleiðingar næringarefnaauðgunar og blábakteriublóma.

Drög að vöktunar- og rannsóknaráætlun mun liggja fyrir, en ekki hefur verið gengið frá endanlegri samþykkt hennar og er vinnan ekki komin af stað. „Vonandi verður gengið frá lausum endum þar vel tímanlega fyrir næsta sumar,“ segir í svari ráðuneytisins.

Þá er Umhverfisstofnun tilbúin að efla fræðslu til íbúa og ferðamanna í samstarfi við sveitarfélagið, heimamenn og aðra. Það er talin vera skjótvirk leið til að bæta umgegni við vatnið. svavar@frettabladid.is

Beltone Legend™

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

Beltoner heyrnartæki er til á markaði í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Beltoner heyrnartæki er til á markaði í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Beltoner heyrnartæki er til á markaði í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Beltoner heyrnartæki er til á markaði í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

 **Stilling**

Varahlutir í bílinn

Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu



Rafgeymar




Smursiur



Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar



Tímareimar og vatnsdælur



Kúplingar



Demparar, gormar og stýrisendar

Hemlahlutir



 **Stilling**
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Frá kr.
71.915Allt að
20.000 kr.
afsláttur á mann**BÓKAÐU SÓL**
Í JANÚAR**GRAN CANARIA****Don Diego** 🌴🌴**Frá kr. 71.915**
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 71.915 m.v. 3 fullorðna í íbúð. Netverð á mann frá kr. 75.295 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 2. janúar í 9 nætur.



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

Roque Nublo 🌴🌴+**Frá kr. 87.990**
m ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 87.990 m.v. 3 fullorðna í íbúð. Netverð á mann frá kr. 93.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 11. janúar í 13 nætur.



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

Servatur Waikiki 🌴🌴🌴**Frá kr. 137.055**
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 137.055 m.v. 3 fullorðna í herbergi. Netverð á mann frá kr. 147.295 m.v. 2 fullorðna í herbergi 11. janúar í 13 nætur.



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

TENERIFE**Compostela Beach Golf Club** 🌴🌴🌴**Frá kr. 85.095**
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 85.095 m.v. 3 fullorðna í íbúð. Netverð á mann frá kr. 105.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 3. janúar í 12 nætur.



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

H10 Las Palmeras 🌴🌴🌴**Frá kr. 173.945**
m/hálft fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 173.945 m.v. 3 fullorðna í herbergi. Netverð á mann frá kr. 188.295 m.v. 2 fullorðna í herbergi 3. janúar í 12 nætur.



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann



Tónlistarkonan Katy Perry söng fyrir viðstadda á kosningafundi Hillary Clinton í Pennsylvaníuríki um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Clinton lét húshjálpinna prenta út leynileg skjöl

Bandaríkjamenn kjósa nýjan forseta á morgun. Valið stendur á milli Donalds Trump og Hillary Clinton. Skoðanakannanir benda til lítils forskots Clinton. Forskot hennar hefur minnkað undanfarið vegna tölvupóstahneykslis.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is**BANDARÍKIN** Hillary Clinton, forsetaframbjóðandi Demókrata, lét húshjálp á heimili sínu prenta út tölvupósta sína sem sumir hverjir innihéldu leynilegar upplýsingar sem varða þjóðaröryggi.

Fjölmiðlar í Bandaríkjunum greindu frá þessu í gær en ef satt reynist er það ólöglegt þar sem húshjálpin, Marina Santos, hafði ekki leyfi til að meðhöndla slíkar upplýsingar.

Í tölvupóstum sem utanríkisráðuneytið gerði opinbera nýverið sést að Clinton bað einn helsta aðstoðarmann sinn, Huma Abedin, um að láta Santos prenta slík skjöl. „Biddu Marinu um að prenta út fyrir mig," skrifar Clinton í einum póstinum.

Forskot Clinton á mótframbjóðanda hennar, Repúblíkanann Donald Trump, hefur minnkað undanfarið eftir að James Comey alríkislögreglustjóri tilkynnti að rannsókn á tölvupóstamáli Clinton væri hafin á ný.

Málið snýst um að hún hafi notað einkapóstþjón í stað opinbers póst-

þjóns í starfi sínu sem utanríkisráðherra og í gegnum hann hafi farið gögn er varða þjóðaröryggi. Þá pósta sagði hún ekki vinnutengda en í ljós hefur komið að vinnutengdir póstar voru þar á meðal. Comey tilkynnti um lok rannsóknarinnar í sumar og mælti ekki með ákæru en ný gögn fundust fyrir rúmri viku. Þá ákvörðun stendur hann enn við en í gærkvöldi gaf hann út tilkynningu þess efnis að ekki ætti að ákæra Clinton.

Gögnin fundust á tölvu Abedin og eigmanns hennar, fyrrverandi þingmannsins Anthony Weiner, við rannsókn á máli Weiners sem sakaður er um að senda 15 ára stúlku nektarmyndir. Fjölmiðlar hafa greint frá því að á tölvunni hafi fundist 650 þúsund tölvupóstar. Þar af þúsundir sem tengjast máli Clinton með beinum hætti.

Tíðindin hafa jafnað leikinn í kosningabaráttunni. Alls hyggjast 46,6 prósent Bandaríkjamanna kjósa Demókratann Hillary Clinton þegar nýr forseti verður valinn á morgun. Hins vegar segjast 44,8 prósent ætla að kjósa Repúblíkanann Donald Trump. Vegna þessa litla munar er ljóst að kjörsókn getur ráðið úrslitum. Fyrir um tveimur vikum hafði

Clinton nærri tíu prósentustiga forskot samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem RealClear Politics tekur saman.

Forskot Clinton jókst hratt eftir að upptaka birtist af Trump tala á niðrandi hátt um kvenfólk en hefur eins og áður segir hriðfallið.

Clinton og Trump eru hins vegar á fullri ferð um þau ríki Bandaríkjanna þar sem munur mælist hve minnstur til að tryggja sér sigurinn. Kosningakerfið virkar þannig að hvert fylki hefur yfir að ráða ákveðið mörgum kjörmönnum, til dæmis eru 29 kjörmenn frá Flórída. Frambjóðandi þarf 270 kjörmenn til að tryggja sér sigurinn og fær sá frambjóðandi sem fær flest atkvæði í hverju ríki fyrir sig alla kjörmenn viðkomandi ríkis.

Á meðal helstu baráttufylkja nú eru Nevada, Flórída, Michigan, Pennsylvanía og Norður-Karólína. Frambjóðendur heimsækja nú þessi helstu fylki. Til að mynda hélt Trump fimm kjörfundi í fimm ríkjum í gær og Clinton einn. Í dag mun Trump koma fram á fimm kjörfundum í fimm ríkjum en Clinton tveimur í tveimur ríkjum. Auk þess mun Barack Obama Bandaríkjaforseti halda tvo kjörfundi fyrir Clinton.

» Forskot Clinton á Donald Trump hefur minnkað eftir tíðindi um nýja rannsókn á tölvupóstamálinu.

1,8%

mælist forskot Hillary Clinton á Donald Trump.

Fylgi samkvæmt meðaltali skoðanakannana**44,8%**
Donald Trump**46,6%**
Hillary Clinton**Sigurlíkur samkvæmt líkani FiveThirtyEight****35,1%**
Donald Trump**64,9%**
Hillary Clinton**Fjöldi kjörmanna samkvæmt skoðanakönnunum****164**
Donald TrumpÓljóst með
158**216**
Hillary Clinton

Fjöldi alls: 538

Fjöldi sem þarf til að vinna: 270

Það er gott að vera í viðskiptum við Samskip

Pétur Hafsteinn Pálsson
framkvæmdastjóri Vísis

ENNEVM / SIA / NM73880

> Við hjá Samskipum leggjum okkur fram um að kynnast viðskiptavinum okkar og þekkja þarfir þeirra

Samskip bjóða upp á heildarlausnir á sviði flutninga og við leggjum stolt okkar í að uppfylla væntingar kröfuharðra viðskiptavina. Persónuleg og traust þjónusta um allan heim.

samskip

Samán náum við árangri

www.samskip.is

HÖFUM NÝJA GL VERSLUN Í S

- GLÆSILEG SNYRTIVÖRUDEILD
 - ELDGRILLAÐUR KJÚKLINGUR
 - ORIGAMI SUSHI
 - BAKARÍÐ, BAKAÐ Á STAÐNUM
 - SALATBAR
 - ÓLÍFUBAR
 - NÝPRESSAÐUR APPELSÍNUSAFI
 - HNETUSMJÖRSVÉL
 - NAMMILAND
 - KRISPY KREME KAFFIHÚS
- OG MARGT, MARGT FLEIRA...

OPNAÐ ÆSILEGA SMÁRALIND



Verið
velkomin

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Samábyrgð



Magnus Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það hefur verið afar forvitnilegt að fylgjast með viðbrögðunum við skýrslu Rauða krossins undir titlinum Fólkið í skugganum, þar sem hagir lakast settu borgarþáanna í Reykjavík eru skoðaðir í þaula. Það er reyndar umhugsunarefni að Reykjavíkurborg skuli, án jafn ígrundaðrar skoðunar á nágrannasveitarfélögunum, tekin til umfjöllunar. Stórhöfuðborgarsvæðið samnýtir samgöngur og ýmsa verslunarþjónustu, hefur sambærilegan aðgang að t.d. innanlandsflugvelli, opinberum þjónustustofnunum á borð við háskóla og atvinnutækifærum og því hlýtur að teljast eðlilegt að félagslegri ábyrgð sé einnig dreift. Það virðast fáir efast um að flutningur fátækrahverfisins Höfðaborgar í Efra-Breiðholti á sínum tíma hafi verið mikil mistök. Afleiðingarnar eru enn að koma í ljós með ýmsum hætti en staðreyndin er að stór hluti íbúa lifir við fjárhagslega fátækt og í félagslegum mótbyr. Ungt fólk upplifir valkosti sína og möguleika til betra lífs takmarkaða og er fyrir ýmissa hluta sakir mun hætta við því að erfa fátækt foreldrana kynslóð eftir kynslóð.

Borgaryfirvöld og ekki síður frumkvöðlar og baráttufólk innan hverfisins eiga þó sinn þátt í að það er margt gott og fallett við lífið í Efra-Breiðholti. En betur má ef duga skal því það leynir sér ekki á skýrslu Rauða krossins að vandi hverfisins er umtalsverður. Eins og Elísabet Karlsdóttir, verkefnisstjóri félagsmiðstöðva í Breiðholti, og Þuríður Sigurðardóttir, umsjónarmaður með fjölskylduverkefninu Tinnu, benda á í frétt hér frammar í blaðinu, þá er margt sem betur mætti fara. Auk aðgerða sem þær leggja til að ráðist verði í innan hverfisins sé auðvitað mikilvægt að dreifa félagslegum íbúum um borgina.

Það er eðlilegt að þær Elísabet og Þuríður beini orðum sínum til borgarinnar sem starfsmenn hennar og þar sem það er í meirihluta Reykjavíkurborg sem ber félagslega ábyrgð á höfuðborgarsvæðinu. En mörkin á milli Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaganna tilheyrja þeim tíma þegar þau voru sett og eru auðvitað í raun og veru úrelt fyrir margt lifandis löngu.

Ágætt dæmi um þessa úreltingu er einmitt að finna í hlutfalli nýrra félagslegra íbúða á vegum Reykjavíkur annars vegar og nágrannasveitarfélaganna hins vegar. Þá kemur í ljós að Reykjavík stendur sig sínu best sem þýðir að íbúar borgarinnar bera félagslega ábyrgð í nærsamfélaginu umfram granna þeirra utan borgarmarkanna. Það skýrir kannski að einhverju leyti lítinn vilja fyrir sameiningu við Reykjavík hjá nágrannasveitarfélögunum borgarinnar.

Félagslegur húsnæðisvandi á höfuðborgarsvæðinu er auðvitað ekki aðeins vandi Reykvíkinga. Vandinn er allra sem búa innan svæðisins og njóta þess sem það hefur að bjóða. Það hlýtur því að teljast eðlilegt, til þess að stuðla að sem bestri dreifingu á félagslegum úrræðum í húsnæðismálum, að Reykjavíkurborg og nágrannasveitarfélögin láti nú til sín taka svo allir íbúar svæðisins leggi jafnt af mörkum til þess að sigrast megi á þessum vanda og það sem fyrst.




Félagslegur húsnæðisvandi á höfuðborgarsvæðinu er auðvitað ekki aðeins vandi Reykvíkinga.

Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



Frá degi til dags

Róleg helgi

Afar lítil tíðindi bást af stjórnarmyndunarþreifingum um helgina en Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var sagður ætla að taka sér helgina í að hugsa um stöðuna. Staðan verður að teljast nokkuð umhugsunarverð í ljósi þess hversu margir flokkar hafa útilokað samstarf við hina og þessa. Fáir raunhæfir kostir eru eftir í stöðunni nema einhverjum snúist hugar. Samstarf D, C og A þykir of knappt, of mikið bil er á milli skoðana Vinstri grænna og Sjálfstæðismanna og fáir virðast treysta stöðugleika Pírata.

Munurinn

Baldur Þórhallsson stjórnfræðiprófessor skrifaði um helgina að hópur forystumanna innan Vinstri grænna vildi mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokk. Ef til vill telja þeir skoðanamun flokkanna ekki eins mikinn og sagt hefur verið. Benda má á að flokkarnir eru báðir hlyntir ríkisstuðningi við landbúnað. Vinstri græn voru að minnsta kosti ekki nógu andvíg nýgerðum búvörusamningnum til að kjósa gegn þeim í þinginu. Ef satt reynist gæti verið að Bjarni reyni að draga stjórnarmyndun á langinn. Líklega væri auðveldara að fríða grasrót Vinstri grænna ef samstarfið fyrirbyggði stjórnarkreppu. thorgnyr@frettabladid.is

Nýskipan bankakerfisins



Gunnar Tómasson
hagfræðingur



Uppspretta hagnaðar nýja Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka hefur að mestu legið í virðisaukningu yfirtekinna eigna gömlu bankanna en ekki almennri þjónustu við fyrirtæki og almenning.

Íslenska ríkið á Landsbankann og Íslandsbanka að fullu ásamt 13% hlut í Arion banka á móti 87% hlut þrotabús Kaupþings. Stefnt er að sölu þess hluta og verður söluandvirði umfram 100 milljarða króna skipt á milli þrotabúsins og ríkisins í ákveðnum hlutföllum. Alþingi hefur gefið heimild til sölu á allt að 30% af eignarhluta ríkisins í Landsbankanum og ráðgert er að selja Íslandsbanka að fullu. Hópur fjögurra stærstu lífeyrissjóða landsins hefur átt í viðræðum um kaup á hluta í Arion banka en einn þeirra, Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, hefur núna dregið sig út úr þeim. Af og til hefur verið greint frá áhuga fjárfesta í Asíu á kaupum á Íslandsbanka en ekki er ljóst hvort hann er enn til staðar. Átta árum eftir hrun er bankakerfið, sem spratt upp af rústum gamla Landsbanka, Kaupþings og Glitnis, að mestu óbreytt að undanskildu stóru eignarhaldi ríkisins. Uppspretta hagnaðar nýja Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka hefur að mestu legið í virðisaukningu yfirtekinna eigna gömlu bankanna en ekki almennri þjónustu við fyrirtæki og almenning.

Að því marki sem hugmyndir stjórnvalda (og þrotabús Kaupþings) um söluandvirði hluta í bönkunum endurspeglar ekki verri afkomuhorfur þeirra, þá mun eftirspurn eftir eignarhlutum ríkisins í þeim verða dræm. Ef fyrirheit um lægra vaxtastig eftir kosningar eru talin vera trúverðug, þá versna enn horfur um sölu eignarhluta ríkisins á viðunandi verði.

Hins vegar myndi hávaxtastefna Seðlabanka Íslands og fátæppni í bankakerfinu gera nýjum eigendum bankanna kleift að hámarka hagnað með háum lánavöxtum og þjónustugjöldum viðskiptavina. Ef svo fer fram sem horfir þá má því ætla að íslenska bankakerfið verði nánast óbreytt árið 2020 frá því sem var 2008 – að margumtöluð nauðsyn á breytingu til batnaðar muni ekki raungerast á kjörtímabilinu. Sala eignarhluta ríkisins í bönkunum myndi því endurnýja lífdaga gamla hrunkkerfisins.

Annar valkostur – og hér er hugað út fyrir boxið – væri í stuttu máli þessi:

1. Landsbankinn, Íslandsbanki og (síðar) Arion banki verði áfram í ríkiseigu.
2. Almennur fengi ákveðinn hluta – t.d. 50% – útgreidds hagnaðar hvers árs.
3. Hinn hlutinn – 50% – færi í ríkissjóð til stuðnings uppbyggingu innviða samfélagsins.

LISTI FYRIR MATARFERÐAMENN

Grillið stökk upp um sjö sæti milli ára á lista White Guide Nordic handbókarinnar yfir bestu veitingastaði á Norðurlöndunum. Það er nú í öðru sæti yfir þá fimmtán íslensku veitingastaði sem er að finna á listanum en í efsta sæti er veitingastaðurinn Dill.



Atli Rafn Erlendsson er yfirkokkur á Grillinu og landsliðsmaður í matreiðslu.
MYND/SIGURJÓN RAGNAR

Skandinavísk matargerð er orðin þekkt um allan heim og fólk er farið að ferðast heilmikið til Norðurlanda beinlínis út af matnum.

Gísli Jensson



olían er sett saman í blandara og maukað vel eða þar til að rjúka fer úr oliunni, síð hana svo í gegnum bleiuklút eða kaffifilter.

Raðið urriðanum á disk, setjið væna doppu af ostrukreminu á og rúllið upp agúrkusneiðum, krydduðum með salti og olífuolíu. Blandið saman hluta af ediksleginum og olíunni og setjið u.þ.b. 2 msk. af vinaigrette-unni yfir gúrkuna.

BESTU ÍSLENSKU VEITINGASTAÐIRNIR

Nýja White Guide 2017 handbókin inniheldur 325 bestu veitingastaði í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Sá veitingastaður sem fær hæstu einkunn er Esperanto í Stokkhólmi. Fimmtán íslenskir veitingastaðir eru í White Guide handbókinni.

Masters level

1 Dill, Reykjavík - 32/79

Very fine level

2 Grillið, Reykjavík - 30/74

3 Norð Austur Sushi & Bar, Seyðisfirði - 30/73

4 Slippurinn, Vestmannaeyjum - 29/73

5 Gallery Restaurant Hótel Holt, Reykjavík - 28/73

6 Vox (Hilton Hótel), Reykjavík - 29/70

7 Fiskmarkaðurinn (Fishmarket), Reykjavík - 29/69

8 Matur og Drykkur, Reykjavík - 29/68

Fine level

9 Kol, Reykjavík - 24/66

10 Rub 23, Akureyri - 26/65

11 Austur-Índiafjlagið, Reykjavík - 26/62

12 Fiskfélagið (Fish Company), Reykjavík - 25/61

13 Lava Restaurant, Grindavík - 25/61

14 Grillmarkaðurinn (Grillmarket), Reykjavík - 23/61

15 Snaps, Reykjavík - 23/6

SJÓURRIÐI, AGÚRKA OG OSTRUKREM

Grafinn sjóurriði:
600 g sjóurriði
50 g salt
30 g sykur
2 búnt dill, saxað
Börkur af 2 sítrónum
1 msk. pipar
1 msk. dillfræ
1 msk. fennelfræ

Ostrukrem:
2 stk. ostrur
1 stk. eggjarauða
1 dl bragðlaus olía
Salt
Sítrónusafi

Dill vinaigrette:
Dillolía
1 búnt dill
2 dl bragðlaus olía

Edikslögur:
3 msk. gott edik
2 msk. vatn
1 msk. sykur

Sjóurriði, agúrka og ostrukrem er einn af þeim réttum sem gagnrýndur White Guide handbókarinnar pöntuðu á Grillinu.

MYND/KARL PETERSEN

Roðflettið urriðann og hreinsið vel af alla fituna. Grafið urriðann með sykri, salti og öllum kryddunum í u.þ.b. sólarhring.

Skolið urriðann vel og skammtið í hæfilega bita. Eldið við 50°C í ca. 5 mín. Þetta er hægt að gera ef sous-vide græja er við höndina eða á kafi í olíu sem hefur verið hituð upp að 50°C.

Fyrir ostrukremið: Setjið ostrurnar og eggjarauðuna í mjótt, upphátt ílát ásamt örllitlu af sítrónusafa. Maukið vel saman með töfrasprota og bætið svo olíunni út í í mjórri bunu. Kryddið til með salti og sítrónusafa.

Fyrir vinaigrette skal hita saman sykur, edik og vatn, til þess að leysa upp sykurrinn og kæla aftur. Dillið og

Gísli Jensson segir matarferðamennsku vera að aukast MYND/SIGURJÓN RAGNAR



„Þetta er listi sem er mjög virtur og er að verða mjög þekktur út um allan heim.

Það er því mjög jákvætt að vera á honum,“ segir Gísli Jensson, sommelier og veitingastjóri Grillsins. Hann segir Grillið hafa tekið nokkrum breytingum undanfarið ár. „Við höfum lagt áherslu á að fríska upp á staðinn, matseðilinn og þjónustuna til að ná til breiðari hóps viðskiptavina. Mér sýnist okkur hafa tekist afar vel upp ef marka má White Guide listann enda vorum við í níunda sæti yfir íslensku veitingastaðina í fyrra,“ segir hann.

Gísli segir fólk nota White Guide listann til að finna góða veitingastaði í þeim löndum sem það ferðast til. „Skandinavísk matargerð er orðin þekkt um allan heim og fólk er farið að ferðast heilmikið til Norður-


landa beinlínis út af matnum. Skýrasta dæmið um slíkt „destination dining“ á Íslandi er Dill Restaurant sem er í fyrsta sæti yfir íslensku veitingastaðina.“

Að sögn Gísla eru veitingastaðirnir metnir alveg án vitundar þeirra. „Við vitum að þeir koma yfirleitt mið- eða síðsumars, en annars eru gagnrýndurnir bara eins og hverjir aðrir gestir,“ segir Gísli en eftir að bókin var gefin út hefur hann komist að því hvaða réttir voru pantaðir. „Þeir fengu meðal annars andaregg í forrétt, rauðsprettu og léttreyktan urriða,“ segir Gísli en Atli Þór Erlendsson, yfirkokkur Grillsins og landsliðsmaður Íslands í matreiðslu, gefur hér uppskrift að urriðanum.

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmiðlamæling Gallup júl.–sep. 2016

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.

Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is



2015
BRYGGJAN BRUGGHÚS
 bistro & brewery
 REYKJAVÍK



Agari-flöskur sem brotna niður í náttúrunni. MYNDIR/LHÍ



Icelandic Apple.



Healing Earth.



Íslenski básinn vakti athygli á sýningunni.



The Willow Project.



Hraðréttur dagsins í hádeginu alla virka daga 1.690.- kr



Sunnudjass alla sunnudaga kl 20.00
 Heimsklassa Djass með frábærum tónlistarmönnum í bruggsalnum okkar.
 Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir

LISTAHÁSKÓLINN SÝNIR Í HOLLANDI

Þrettán íslenskir hönnuðir tóku þátt í Dutch Design Week í Eindhoven í liðinni viku fyrir hönd Listaháskóla Íslands. Rúna Thors verkefnastjóri segir sýninguna hafa gengið vel. Verkin fjölluðu um skaðleg áhrif mannsins á umhverfi sitt en yfirskrift sýningarinnar var No Waste.

Ragneiður Tryggvadóttir
 heida@365.is



„Þetta er mikilvægt tækifæri fyrir hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands til að kynna sig á erlendri grund, áherslur deildarinnar og þau verk sem unnin eru við deildina. Þar að auki er mikilvægt fyrir sýnendurna að sjá og upplifa sýningu af þessari stærðargráðu, þjálfast í að kynna verkin sín og mynda tengsl við ólíka einstaklinga innan hönnunarheimsins.“ segir Rúna Thors, verkefnastjóri hjá Listaháskóla Íslands, en hún fór fyrir hópi þrettán íslenskra hönnuða á Dutch Design Week í Eindhoven í liðinni viku.

Hópurinn tók þátt í sýningar-


hlutanum No Waste í Klokgebouw, einu af aðalsýningar svæðunum á hönnunarvikunni, en þetta er í fyrsta sinn sem fulltrúar frá Listaháskólanum taka þátt í sýningu af þessari stærðargráðu erlendis.

„DDW er stærsta hönnunarháttíð Norður-Evrópu með meira en 2.500 sýnendur og yfir 275.000 gestir alls staðar að úr heiminum heimsækja hátíðina. Íslenski hópurinn samanstóð af nemendum og fyrrverandi nemendum hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ. Verkin voru sérstaklega valin inn á sýningu með yfirskriftina „NO Waste“ og beina sjónum að takmörkuðum auðlindum og skaðlegum áhrifum mannsins á umhverfi sitt,“ útskýrir Rúna.

Hún segir sýninguna hafa gengið vonum fram. Stöðugur straumur hafi legið um íslenska

básinn og verkin vakið athygli.

„Allt frá fyrsta degi var fólk mjög forvitnið og áhugasamt. Við leiddum fólk í gegnum sýninguna, sögðum frá verkunum og fólk spurði spurninga af öllum toga. Verkin vöktu gestina greinilega til umhugsunar og við fengum mikið lof fyrir. Auk þess sýndu margir náminu við Listaháskólann áhuga, bæði skiptinámi eða fullu námi. Framleiðendur töluðu einnig við nemendur og sýndu áhuga á verkefnum þeirra auk þess sem nokkrir einstaklingar voru áhugasamir um að heimsækja skólann, kenna, halda fyrirlestur eða hefja samstarf. Til viðbótar við þetta höfum við hitt áhugasama sýningarhaldara annars staðar frá og verður spennandi að sjá hvort eitthvað verður úr því,“ segir Rúna.



heimili
fasteignasala
– á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson



Ásdís Írena Sigurðardóttir



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson
Frákvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali og leigumíðlari
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356



Herdís Valb. Hölldóttir
Löggæðingur
og löggiltur fasteignasali
694 6166



Erlendur Davíðsson
Löggiltur fasteignasali
Forstöðum. útibús Ólafsvík
897 0199



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Löggiltur
fasteignasali
óskast til
sölustarfa



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083



S í ð a n 1 9 9 5

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is

Fallegt einbýli í Skipasundi

Miklaborg og Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali kynna mjög mikið endurnýjað einbýli. Húsið er skráð 170,7 fm, þar af er bílskúr 26,7 fm, auk þess er um 70 fm risloft yfir húsinu. Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn í s. 773-6000 og í thorunn@miklaborg.is.

Einstaklega fallegt og vel skipulagt einbýli við Skipasund sem endurnýjað var á vandaðan og smekklegan hátt á árunum 2007-2008. Fallegt eikarparket er á öllu húsinu nema þar sem eru flísar. Eldhús og bæði baðherbergi endurnýjuð ásamt raflögnum, neysluvatnslögnum, frárennslilögnum og nýtt dren sett. Árið 2011 var húsið síðan málað að utan og gert við steypu og þakant þar sem þörf var á. Gengið er inn í flísalagða forstofu á efri hæð. Á hægri hönd eru samliggjandi borðstofa og stofa, en á vinstri hönd glæsilegt eldhús með stílhreinni hvítri eldhúsinnréttingu. Tvöfaldur ofn sem er með örbylgjuofni, gufuofni og bókunarofni. Einnig innfelldur ís-



Mikið endurnýjað einbýli við Skipasund er til sölu.

skápur og uppþvottavél og spanhelluborð. Glæsileg snyrting með sturtu. Gott sjónvarpsherbergi sem lokast með rennihurð en það er hjónaherbergi skv. teikningu.

Gengið er niður stiga með kókosteppi. Þar eru 3 stór og björt svefnherbergi og einstaklega glæsilegt flísalagt baðherbergi með sturtu og baðkeri. Þar er einnig um 4 fm þvottahús sem ekki er inni í skráðum fermetrum og annar inngangur í húsið. Hleri með fellistiga er upp á risloft. Það

er hrátt og er nýtt sem geymsla en býður upp á ýmsa möguleika á nýtingu, sér í lagi með því að setja t.d. hringstiga.

Bílskúrin er úr timbri og hefur verið endurbyggður að miklu leyti. Hann er með hita og rafmagn. Gróðurhús er í garði. Örstutt er í Laugardalinn og Holtagarða, bæði í útivist og þjónustu. **Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn Pálsd. lögg. fasteignasali í s. 773-6000 og thorunn@miklaborg.is.**

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Efstaland 18 - 270 Mosfellsbær

Laus strax

Glæsilegt 165,2 m² endaraðhús á tveimur hæðum með glæsilegu útsýni. Eignin er fullbúin með gólfefnum innnan íbúðar (ekki gólfefni á geymslu og bílskúr) Húsin standa á góðum stað hátt í hverfinu. **V. 57,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

Gerplustræti 24 - 270 Mosfellsbær

Laus strax

Fallegar og vel skipulagðar 3ja herbergja íbúðir með sérinngangi á jarðhæð í nýju fjölbýlishúsi. Bílastæði í opnum bílakjallara. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með HTH innréttingum, harðparketi á gólfum, en gólf baðherbergis og forstofu eru flísalögð. **V. 37,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

Kleifakór 17 - 203 Kópavogur

Laus strax

Íslenska handboltalandslíðið fór í fyluferð til Sumy í Úkraínu og tapaði 25-27 fyrir heimamönnum eftir að hafa verið í eltingarleik lengst af. Slakur sóknarleikur varð íslenska liðinu að falli í leiknum á laugardaginn.

HANDBOLTI Íslandi tókst ekki að fylgja sigrinum á Tékklandi á miðvikudaginn eftir gegn Úkraínu á laugardaginn. Heimamenn voru heilt yfir sterkari aðilinn í leiknum í Sumy og lönduðu tveggja marka sigri, 27-25. Sama dag unnu Tékkar sjö marka sigur, 35-28, á Makedóníu og því eru öll liðin í riðli 4 í undankeppni EM 2018 með tvö stig. Jafnara getur það ekki orðið.

Stefán Arnason, þjálfari Selfoss í Olís-deild karla, segir að sóknarleikur íslenska liðsins í leiknum gegn Úkraínu hafi ekki verið nógu góður.

„Við vorum gifurlega lengi í gang í sókninni en það lagaðist mikið þegar Arnór Atlason kom inn á um miðjan fyrri hálfleik. Ómar Ingi [Magnússon] átti líka góða innkomu, bæði undir lok fyrri hálfleiks og í byrjun þess seinni. Mér fannst hraðinn í spili meiri þegar hann var inn á,“ sagði Stefán í samtali við Fréttablaðið í gær.

Ísland skoraði aðeins tvö mörk síðustu níu mínútur leiksins og átti í miklum vandræðum í sókninni á lokakaflanum.

„Þá lokadist þetta aðeins. Sóknarleikurinn var tilviljanakenndur undir lokin og það voru engar svakalega góðar lausnir í boði. Undir lokin völdum við léleg skot,“ sagði Stefán en Igor Chupryna, markvörður Úkraínu, fór allt í einu að verja á lokakaflanum. Hann varði sex skot á síðustu átta mínútum leiksins en hafði aðeins verið átta skot fram að því.

Varnarleikur íslenska liðsins hefur að mestu verið góður eftir að Geir Sveinsson tók við þjálfun þess.

ÚKR 27 - 25 ÍSL

Mörk og skot Íslands

Aron Pálmarsson	6 (13)
Rúnar Kárason	5 (9)
Guðjón Valur Sigurðsson	4 (8/1)
Kári Kristján Kristjánsson	3 (3)
Arnór Þór Gunnarsson	3 (6/1)
Arnór Atlason	2 (3)
Ómar Ingi Magnússon	1 (2)
Ólafur Guðmundsson	1 (4)

Markvarslan hjá Íslandi

Björgvin Páll 15/1 (42/3, 36%)

Bestu menn íslenska liðsins

Rúnar Kárason Skoraði fimm mörk með sínum þrumuskotum og var ógnandi. Stóð sig vel í leikjunum tveimur gegn Tékklandi og Úkraínu en mætti á köflum láta boltann ganga hraðar.




Kári Kristján Kristjánsson Skoraði þrjú mörk úr jafnmörgum skotum og fiskaði tvö vítaköst. Ekki honum að kenna að þau nýttust ekki.

Aron Pálmarsson Var markahæstur í íslenska liðinu með sex mörk. Gaf auk þess fjórar stoðsendingar. Aron getur samt spilað betur en það mæðir vissulega mikið á honum.

Geir eftir leik

„Við byrjum illa og lendum undir en náum að vinna okkur inn í leikinn og náum takti rétt fyrir lok fyrri hálfleiks. Svo komum við slakir til leiks í seinni hálfleik og erum komnir í nákvæmlega sömu stöðu og þurfum að vinna upp forskotið á ný. Við getum ekki gleymt þessari frammistöðu því við verðum að læra af þessu og verðum að gera betur. Skotnýtingin hefur ekki verið nægilega góð í leikjunum sem ég hef stýrt liðinu í, hvort sem um ræðir leikina núna eða gegn Portúgal í sumar. Nú fer einbeitingin á að æfa vel og finna lausnir fyrir HM og ég vona bara að strákarnir verði ákafir í að svara fyrir þetta tap.“



Þessi bættu vörn skilar þó ekki nógu mörgum hraðauppþlaupum en í leiknum í fyrradag skoraði Ísland t.a.m. aðeins fjögur hraðauppþlaupsmörk.

„Fjögur hraðauppþlaup eru ekki nóg, það er klárt. Það er það sem vantaði í þessum tveimur leikjum. Vörnin er að standa sig ágætlega og það hafa orðið áhugaverðar breytingar á henni. Vörnin er komin aftur, þá sérstaklega þristarnir, og við erum að reyna að vera aðeins þéttari. En það vantar að vinna boltann

og búa til ódýr mörk,“ sagði Stefán.

„Það eru margir nýir leikmenn að koma inn í sóknina og sóknarleikurinn hefur verið stíður, núna sem og á móti Portúgal. Þá skiptir öllu að fá hraðauppþlaupsmörk og mörk í seinni bylgjunni. Það myndi taka mikinn þunga af sóknarleiknum.“

Aron Pálmarsson var markahæstur í íslenska liðinu í leiknum á laugardaginn með sex mörk. Líkt og gegn Tékkum byrjaði hann í stöðu leikstjórnanda en færði sig svo yfir í vinstri skyttustöðuna eftir að Arnór Atlason kom inn á. Stefán segir að þótt Aron geti vel leyst báðar stöðurnar nýttist hann Íslandi betur vinstra megin.

„Hann virðist nýttast okkur betur vinstra megin. Í þessum tveimur leikjum spilaði hann betur þar. Ég held að hann sé betri á miðjunni þegar það eru betri skyttur í kringum hann. Eins og staðan er á landsliðshópnum í dag finnst mér hann koma betur út í skyttustöðunni. Hann er auðvitað frábær skotmaður og miðað við hópinn okkar þurfum við kannski meira á honum að halda í því hlutverki,“ sagði Stefán.

Hann segir að þrátt fyrir augljósa hnökra á leik Íslands sé ýmislegt jákvætt í gangi hjá liðinu.

„Mér finnst margt vera á ágætri leið í þessum síðustu leikjum, þótt það sé margt sem er ekki í toppklassa. Það eru bara ákveðnar breytingar á liðinu og þegar þjálfararnir fá lítinn tíma til undirbúnings verður þetta stundum svolítið stírt. En ég held að liðið geti bætt sig jafnt og þétt og við gert ágæta hluti í framtíðinni,“ sagði Stefán að endingu. ingvithor@365.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Man City	1-1	Boro
Burnley	3-2	Crystal Palace
Bournemouth	1-2	Sunderland
West Ham	1-1	Stoke City
Chelsea	5-0	Everton
Arsenal	1-1	Tottenham
Liverpool	6-1	Watford
Hull City	2-1	Southampton
Swansea	1-3	Man Utd
Leicester	1-2	West Brom

Efst

Liverpool	26	Cr. Palace	11
Chelsea	25	West Ham	11
Man City	24	Hull	10
Arsenal	24	Swansea	5
Tottenham	21	Sunderland	5

Neðst


Hvað gerðu Gylfi og Jóhann Berg? Gylfi lék allan leikinn fyrir Swansea í tapi fyrir Man Utd. Jóhann Berg skoraði og lagði upp mark í 3-2 sigri Burnley á Crystal Palace.

Stærstu úrslitin

Chelsea sendi skýr skilaboð með frábærri frammistöðu og 5-0 stórsigri á Everton. Chelsea hefur unnið síðustu fimm leiki sína með markatölunni 16-0.

Hetjan Jermain Defoe tryggði Sunderland sinn fyrsta sigur á tímabilinu þegar hann skoraði sigurmarkið gegn Bournemouth.

Kom á óvart Hull vann sinn fyrsta sigur í níu deildarleikjum þegar Southampton kom í heimsókn á KCOM-völlinn. Michael Dawson skoraði markið sem tryggði Hull stigin þrjú.



Olís-deild kvenna

Haukar - Stjarnan 22-28

Markahæstar: Maria Ines De Silve Pereira 7, Elin Anna Baldursdóttir 4, Ramune Pekar-skyte 4 - Stefania Theodórsdóttir 6, Sólveig Lára Kjærnested 5, Helena Rut Örvarsdóttir 4, Elena Elisabet Birgisdóttir 4, Rákel Dögg Bragadóttir 4.

Gróttá - ÍBV 25-20

Markahæstar: Lovisa Thompson 8, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 7, Sunna María Einarsdóttir 4 - Sandra Erlingsdóttir 7, Ester Óskarsdóttir 6.

Fram - Selfoss 25-23

Markahæstar: Ragnheiður Júlíusdóttir 9, Steinunn Björnsdóttir 6 - Hrafnhildur Hanna Prastardóttir 12, Adina Ghidoarca 5.

GRINDAVÍKURLIÐIN FÓRU BÆÐI ÁFRAM Í MALTBIKARNUM

Fjölmargir leikur fóru fram í Maltbikarnum í körfubolta um helgina. Grindavík vann ævintýrlegan sigur á Stjörnunni í karlaflokki. Garðbæingar leiddu með tveimur stigum, 80-82, þegar 16 sekúndur voru eftir en Grindavík skoraði síðustu sex stig leiksins og tryggði sér sigurinn. Grindavík er komið áfram í 16-liða úrslit ásamt Tindastóli, Fjölni, KR, FSU, Haukum B, Sindra og Þór Ak. Hjá konunum tryggðu Snæfell, Grindavík, Stjarnan og Breiðablik sér sæti í 8 liða úrslitum. Í dag klárast 32 liða úrslitum karlamegin með sex leikjum.

Í dag

21.00 Messan Sport

Maltbikar karla:

19.00 Reynir S. - ÍR Sandgerði
19.15 Keflavík - Njarðvík TM-höllin
19.15 Vestri - Haukar Ísafjörður
19.30 Valur - Snæfell Valshöllin
19.30 Breiðablik - Skallagr. Smárin
19.30 Hamar - Höttur Hveragerði

17
2017

Örugg bifreiðaskoðun er besti farþeginn



GÓÐ
ÞJÓNUSTA
OG HAGSTÆÐ
KJÖR Á
SKOÐUNUM

A.T.H

FRÍTT WI-FI OG LJÚFFENGT
GÆÐAKAFFI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

Mundu að aftasti stafurinn í
bílnum þínu táknar þann mánuð
sem mæta á með bílinn í skoðun.

↓
IS OK 17 800
↑



Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.

Starfsemi er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.

Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuþrófa á Íslandi.

Ökuþrófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1550 Jón Arason, biskup á Hólum, og synir hans, Björn Jónsson prestur á Melstað og Ari Jónsson lögmaður, eru teknir af lífi í Skálholti eftir harðvitugar deilur á milli lútherskra manna og kapólskra um völd í landinu.

1659 Frakkar og Spánverjar gera með sér Pýreneasáttmálann og binda þannig enda á 24 ára stríð milli ríkjanna.

1665 Tímaritið London Gazette hefur göngu sína.

1718 Danska herskipið Giötheborg strandar við Ölfusárósa. Áhöfnin bjargast.

1917 Októberbyltingin á sér stað í Rússlandi (samkvæmt gregoríska tímatalinu).

1931 Héraðsskólinn í Reykholti er vígður, en hann var einn af 9 skólum, sem stofnaðir voru að frumkvæði Jónasar Jónssonar frá Hríflu.

1976 Fyrsti hluti Hitaveitu Suðurnesja er tekinn í notkun.

1987 Ólafur Ragnar Grímsson verður formaður

Alþýðubandalagsins og tekur við af Svavari Gestssyni.

2007 Ungur námsmaður gerir skotárás í skóla í bænum Jokela í Finnlandi.

Hann verður átta manns að bana, særir tólf og fremur síðan sjálfsmorð.

2007 Mikheil

Saakashvili, forseti

Georgíu, lýsir yfir

neyðarástandi í höfuðborg landsins í

kjölfar mikilla mótmæla gegn stjórn hans.



Feðginin Hermann Jónsson og Selma Björk halda fyrirlestra í dag þar sem fjallað verður um einelti og uppeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Að svara hatri með ást

Feðginin Hermann Jónsson og Selma Björk halda fyrirlestra í dag og í kvöld. Fyrirlestrarnir hafa yfirheitið Ást gegn hatri og kemur nafnið frá reynslu þeirra af miklu einelti sem Selma varð fyrir og því hvernig hún og faðir hennar brugðust við.

Þetta byrjaði allt með því að dóttir mín lenti í einelti. Hún talar við börnin þar sem hún segir sína sögu og hvernig hún tæklaði eineltið, hvernig við eigum að haga okkur og hverju við eigum að passa okkur á og ýmislegt. Síðan fer ég þarna í kvöld og tala við foreldrana," segir Hermann Jónsson sem ásamt dóttur sinni heldur fyrirlestra í hátíðarsal Breiðagerðisskóla í dag og kvöld.

„Ég kalla fyrirlesturinn minn Foreldrar með markmið vegna þess að ég er ekki að koma neinar töfralausnir við einelti og þetta fjallar ekki bara um einelti heldur um uppeldi og hvernig við foreldrar eigum að setja okkur markmið. Útgangspunkturinn er sá að ef þú ætlar að ná árangri í einhverju í lífinu, sama hvað það er: líkamsrækt eða eitthvað annað, þá þarf að setja sér markmið og þú vinnur að því að ná þeim markmiðum. Það sama á maður að gera í uppeldinu.

Ég segi frá því hvernig ég hef sett mér markmið í mínu uppeldi, hvað ég ætla mér með mínu uppeldi og hvernig ég nota það til að styðja hana í gegnum

Ég segi alltaf þegar ég tala um markmiði mitt: Ég er ekki að ala upp börn – ég er að ala upp fullorðna einstaklinga.

allt sem á gengur, hvort það er einelti – eins og ég kem mikið inn á, hvernig ég hjálpaði dóttur minni í gegnum eineltið, eða hvort það eru einhver önnur vandamál og hvernig ég vinn í því að ná mínum markmiðum sem faðir.

Ég segi alltaf þegar ég tala um markmiði mitt: Ég er ekki að ala upp börn – ég er að ala upp fullorðna einstaklinga. Það er eitthvert markmið – ég vil að börnin mín verði að ákveðnum einstaklingum. Ég er ekki að tala um frægð, frama eða einhverja atvinnugrein – ég er að tala um gildi. Ég vil að börnin mín tileinki sér ákveðin gildi sem skilgreini þau sem persónur. Ég kalla það manneskjusýn. Það er sýn á þá manneskju sem mig langar til að vera og ég vil að börnin mín verði.“

Ertu með einhver góð dæmi um gildin

sem þú leggur áherslu á?

„Ég tek þarna fullt af dæmum um gildi. Sem dæmi var Selma Björk þekkt fyrir að svara hatri með ást. Þegar hún lenti í einelti og það var til dæmis sagt við hana „þú ert svo ljót“, vegna þess að hún var fædd með skarð í vör, þá svaraði hún bara með „mér finnst þú bara svolítið sætur“. Ég tek þetta sem dæmi vegna þess að þetta er gildi sem ég myndi vilja tileinka mér, ég myndi vilja vera sú manneskja sem svarar hatri með ást og þetta er dæmi um gildi sem dóttir mín hefur náð að tileinka sér.

Eitt sem ég sá mjög fljótlega að ég yrði að lifa lífi mínu eftir er að allt sem ég geri er skilaboð til barnanna minna – þetta fjallar ekki um að segja börnunum eitt og gera svo annað því að börnin gera það sem fyrir þeim er haft. Þannig að þegar við erum til dæmis að kvarta yfir því hvernig börnin okkar haga sér á netinu þá segi ég: Hvernig ert þú að haga þér á netinu, ertu eitthvað betri? Uppeldi er svo frábært því við erum bara að kíkja á okkur sjálf og þú þarft að vinna með sjálfan þig til að hjálpa börnunum þínum.“

stefanthor@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 7. NÓVEMBER 1956:

Gert að kalla hersveitir heim

Sameinuðu Þjóðirnar samþykktu 7. nóvember 1956 að krefjast þess að Bretar, Frakkar og Ísraelsmenn kölluðu hersveitir sínar í Egyptalandi heim án tafar. Bandaríkin studdu Sp í þessari kröfu og heimflutningar hersveitanna við Súezskurðinn hófust viku síðar.

Forsaga málsins er sú að í júlí 1956 hafði Nasser Egyptalandsforseti tilkynnt í ræðu að dagar vestrænna ítaka í Arabalöndum væru taldir og Súezskurðurinn væri hér með þjóðnýttur. Þetta var þvert á þá samninga sem höfðu verið gerðir um skurðinn á árinu 1954 og Bretar, Frakkar og Ísraelsmenn brugðust hart við.

Ísraelskar hersveitir komu til Egyptalands 29. október og hersveitir Breta og Frakka fylgdu á eftir. Harðir bardagar fylgdu í kjölfarið og sáu Sameinuðu Þjóðirnar sér ekki annað fært en að skerast í leikinn til að koma í veg fyrir frekara blóðbað. Um miðnætti 22. desember 1956 fóru síðustu hersveitir árasaðilanna frá Egyptalandi.



NORDIC PHOTOS/GETTY



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Stefánsson

bilasmíður,

Ársölum 5, Kópavogi,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 4. nóvember. Útförin verður gerð frá

Kópavogskirkju, miðvikudaginn 9. nóvember kl. 11.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og langafabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,

Elfar Ingi Sigurbjörnsson

sjómaður,

fæddur 04.08.1959, dáinn 28.09.2016, verður jarðsunninn frá Kirkju Óháðra við Háteigsveg þann 10.11.2016 klukkan 14.57.

Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja minnast hans láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

Börn, tengdabörn, barnabörn og systkini.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Katla Magnúsdóttir

er lést á dvalar- og hjúkrunarheimillinu Hrafnistu í Hafnarfirði 22. október, verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 10. nóvember klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimer samtökin, www.alzheimer.is, eða á reikning þeirra: 515 26 24303, kt. 580690-2389.

Freyja Matthíasdóttir
Edda Matthíasdóttir Swan
Sif Matthíasdóttir

Þór Matthíasson
Edward M. Swan
Jörundur Svavarsson

og fjölskyldur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

JÓLATÓNLEIKAR

KK

&
Ellen



Jólatónleikar KK & Ellenar á aðventunni

Að margra mati koma jólin ekki fyrr en að afstaðinni árlegri tónleikaröð systkinanna KK og Ellenar. Þetta er einn af þessum föstu punktum í tilverunni og árið í ár verður engin undantekning. Þessi söngelsku og sívinsælu systkini flytja sín eigin lög í bland við sígildar jólaperlur sem koma öllum í rétta skapið. Þeim til halds og trausts verður úrvalsveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans Jóns Ólafssonar. Gleðilega hátíð!

09.12. Fríkirkjan í Reykjavík

10.12. Bæjarbíó, Hafnarfirði

11.12. Salurinn, Kópavogi

16.12. Vídalínskirkja, Garðabæ

17.12. Hlégarður, Mosfellsbær

18.12. Grafarvogskirkja

19.12. Háskólabíó

Tónleikarnir hefjast kl. 21:00.


Miðasala á midi.is.

Miðasala á tónleika í Salnum á salurinn.is.

DÆGURFLUGAN

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Mánudagur



Stíf sunnanátt og hlýtt í dag. Talsverð rigning sunnan- og vestanlands, en lítills háttar rigning á norðaustanverðu landinu. Gengur í suðaustan storm vestan til á landinu í kvöld.

Þriðjudagur

Reykjavík 5° ↗ 9	Ísafjörður 1° ↗ 18	Akureyri 1° ↗ 9
Egilsstaðir 3° ↑ 8	Kirkjubæjarkl. 2° ↗ 5	Hveravellir -2° ↑ 14

Miðvikudagur

Reykjavík 5° ↖ 5	Ísafjörður 1° ↖ 7	Akureyri 0° ↖ 3
Egilsstaðir 2° ↖ 4	Kirkjubæjarkl. 4° ← 8	Hveravellir -1° ↖ 10

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- útdeildu
 - líka
 - skarð
 - fugl
 - í röð
 - yfirstéttar
 - hopp
 - í röð
 - sægur
 - bergmála
 - drykkur
 - sigta

LÓÐRÉTT

- kjökra
- tímaeining
- forhlaup
- þakbrún
- manngæska
- fæðu
- hjör
- smyrsl
- úrskurð
- til

LAUSN

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. gáfu, 6. og, 8. rof, 9. lóm, 11. rs, 12. aðal, 14. stökk, 16. de, 17. mor, 18. óma, 20. te, 21. miða.

LÓÐRÉTT: 1. vola, 3. át, 4. forskot, 5. úfs, 7. göð-semi, 10. mat, 13. lóm, 15. krem, 16. döm, 19. að.

Skák Gunnar Björnsson

Nansý Davíðsdóttir (1.901) átti leik Óskari Víkingi Davíðssyni (1.702) á Unglingameistaramóti Íslands um helgina.

Hvítur á leik

35. Bxe6! fxe6? (35...Bd6) 36. Rxe6+ Kf7 37. Rxf8 og hvítur vann um síðir. Bárður Örn Birkiðsson sigraði á mótinu, Dagur Ragnarsson varð annar, Gauti Páll Jónsson þriðji og Nansý varð í fjórða sæti. Bárður ávann sér keppnisrétt í landsliðsflokki Íslandsmótsins í skák.

www.skak.is Allt um Unglingameistaramótið.



Sudoku

LÉTT

		3	6					9
	5	4		9	3			7
		5				6		
6	8			3				5
3			4		9			
9	7	1	6		4			
					1		4	
		9	7	2			3	
7	2							

MIDLUNGS

2	9		1		6			
1	8		3					6
			4		2		9	
		6		2				
5			1		7		4	
			6				2	
8			7			1		
			9	5				
	7	3		4		8		

ÞUNG

	4				6			2	
	1			4		3			7
		7			3				6
			1						
7	9	5			1			6	
8	3		6	4					
6				9					5
		8				1			
	7				5				3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku


7	8	5	2	4	6	3	1	9
2	9	3	1	7	8	5	6	4
6	4	1	5	9	3	7	2	8
3	5	7	8	1	9	6	4	2
4	1	9	3	6	2	8	7	5
8	6	2	7	5	4	9	3	1
5	7	6	4	8	1	2	9	3
9	2	4	6	3	5	1	8	7
1	3	8	9	2	7	4	5	6

8	6	1	3	9	5	4	7	2
7	4	9	2	1	6	5	8	3
3	2	5	7	4	8	9	1	6
5	8	4	6	2	9	7	3	1
6	7	3	4	8	1	2	9	5
9	1	2	5	7	3	6	4	8
1	5	7	8	6	4	3	2	9
2	3	8	9	5	7	1	6	4
4	9	6	1	3	2	8	5	7

8	1	4	9	2	5	3	7	6
5	9	6	1	3	7	2	4	8
6	7	9	2	8	3	4	1	5
3	4	8	7	5	1	9	6	2
1	5	2	4	6	9	8	3	7
9	6	5	3	7	2	1	8	4
7	8	1	5	9	4	6	2	3
4	2	3	6	1	8	7	5	9

Myndasögur

PONDUS




Eftir Frøde Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

OPÍÐ HÚS

Einstök eign í rólegu hverfi á Eyrarbakka

Reisulegt hús á líflegum stað rétt fyrir utan Eyrarbakka. Stór og fallegur garður með aðstöðu til íþróttaiðkunar. Stutt í alla þjónustu og óspillta náttúru. Glæsileg og rúmgóð eign með mikla möguleika. **Sjón er sögu ríkari.**

EKKI LÁTA ÞESSA SLEPPA

Stór og gróinn garður

NÝLEGT ÖRYGGIS-KERFI!

TIL SÖLU

Ekki kaupa hvað sem er af hverjum sem er. Spurðu um skilríki.

FRÉLAG FÁSTEGJUSALA

LAUGARÁS BÍÓ

mid.is
Fréttabladd og tónlistarupplýsingar

HACKSAW RIDGE
Kl. 22.45

DOCTOR STRANGE
Kl. 12

BRIDGET JONES'S BABY
Kl. 12

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
HACKSAW RIDGE	5.20, 8, 10.45 (P)
DR. STRANGE 3D	8, 10.30
TRÖLL 2D ISL.TAL	6
BRIDGET JONES'S BABY	5.30, 8, 10.25

SAMBÍÓIN SAMbio.is

DOCTOR STRANGE
Kl. 12

THE ACCOUNTANT
Kl. 10

DOCTOR STRANGE 3D
Kl. 6

DOCTOR STRANGE 2D
Kl. 5:30 - 8 - 10:40

DOCTOR STRANGE 2D VIP
Kl. 5:30 - 8

JACK REACHER 2
Kl. 8 - 10:30

THE GIRL ON THE TRAIN
Kl. 8

STORKAR ISL.TAL
Kl. 6

SULLY
Kl. 10:40

ALFABAKKA
Kl. 5:20 - 8 - 10:40

THE ACCOUNTANT VIP
Kl. 10:40

SIJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL
Kl. 6

DOCTOR STRANGE 3D
Kl. 6:30 - 9

DOCTOR STRANGE 2D
Kl. 5:30 - 8 - 10:40

DOCTOR STRANGE 2D VIP
Kl. 5:30 - 8

JACK REACHER 2
Kl. 8 - 10:30

THE GIRL ON THE TRAIN
Kl. 8

STORKAR ISL.TAL
Kl. 6

SULLY
Kl. 10:40

AKUREYRI
Kl. 8 - 10:40

SIJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL
Kl. 6

DOCTOR STRANGE 3D
Kl. 8

DOCTOR STRANGE 2D
Kl. 5:30 - 10:40

EGILSHÖLL
Kl. 5:30 - 8 - 10:40

SIJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL
Kl. 5:30

DOCTOR STRANGE 3D
Kl. 8 - 10:30

DOCTOR STRANGE 2D
Kl. 5:30 - 7 - 10

JACK REACHER 2
Kl. 8 - 10:30

KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI
Kl. 6 - 9

SIJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL
Kl. 6

DOCTOR STRANGE 3D
Kl. 5:30 - 8 - 10:30

DOCTOR STRANGE 2D
Kl. 8

JACK REACHER 2
Kl. 10:30

KEFLAVÍK
Kl. 8 - 10:40

THE ACCOUNTANT
Kl. 10:40

HACKSAW RIDGE
Kl. 10:40

DOCTOR STRANGE 3D
Kl. 8

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

Alt Smárabíó Háskólabíó Væntanlegt

Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is

Kaupa miða

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

7. NÓVEMBER 2016

Tónlist

Hvað? A history of film music
Hvenær? 20.00
Hvar? Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Finnski kórinn Helsinki Academic Male Choir KYL flytur tónlist úr klassískum kvikmyndum og á sama tíma verða spilaðar klippur úr kvikmyndum og teiknimyndum eftir listamanninn Sellekhanks. Kvinnakórinn Katla hitar upp.

Hvað? Björgvin Gíslason og hljómsveit
Hvenær? 21.00
Hvar? Café Rosenberg, Klapparstíg
Björgvin Gíslason ásamt Ásgeiri Óskarssyni, Haraldri Þorsteinsyni, Sigurði Sigurðssyni, Jens Hanson og Tómasi Jónssyni spila blús á Rosenberg í kvöld.

Dans

Hvað? Unglist – Dansvitund
Hvenær? 20.00
Hvar? Þjóðleikhúsinu
Efnilegustu dansarar suðvesturhornans með danssýningu þar sem fram koma einnig nokkrir heiðursgestir.

Viðburðir

Hvað? Pub quiz – bandarísku forsetakosningarnar
Hvenær? 20.00
Hvar? Stúdentakjallarinn, Sæmundargötu
Í tilefni þess að forsetakosningar fara fram í Bandaríkjunum á þriðjudaginn heldur Politica – félag stjórnmálafræðinema, alþjóðanefnd Stúdentaráðs og Skrifstofa alþjóðasamskipta pub quiz til að hita upp fyrir spennuna.

Um quizið sjá þau Silja Bára Ómarsdóttir aðjúnkt við Stjórnmálafræðideild og Daníel Freyr Birkisson stjórnmálafræðinemi og munu þau spyrja þátttakendur út í allt sem tengist bandarískum stjórnmálum.

Hvað? Doktorsvörn í íslenskum bókmenntum – Þórdís Edda Jóhannesdóttir
Hvenær? 13.00

Hvar? Háskóla Íslands, aðalbyggingu Þórdís Edda Jóhannesdóttir ver doktorsritgerð sína í íslenskum bókmenntum, Jómsvikinga saga: Sérstaða, varðveisla og viðtökur. Andmælendur eru Marteinn Helgi Sigurðsson, doktor í norrænum fræðum og ritstjóri hjá Íslenskum fornritum, og Judith Jesch, próffessor í víkingafræðum við Háskólann í Nottingham. Aðalleiðbeinandi var Ármann Jakobsson, próffessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda

þessum fyrirlestri, sem hefur yfirskriftina Englaryk, mun Guðrún fjalla um samnefnda skáldsögu sína sem kom út árið 2014 og lesa stuttlega úr verkinu. Í framhaldi af því kynnrir hún persónulega hugmyndasögu sína og endar fyrirlesturinn á umræðum þar sem trú, efi, náð og Guð verða meðal annars rædd. Þess má geta að nýjasta bók Guðrúnar, Skegg Raspútins, kemur út í dag.

Hvað? Kynning á skiptinámi og starfsnámi fyrir nemendur Menntavísindasviðs
Hvenær? 12.30

Hvar? Háskóla Íslands, Stakkahlíð
Á kynningunni verður farið yfir þá spennandi möguleika á skiptinámi og starfsnámi sem standa nemendum á Menntavísindasviði til boða. Háskóli Íslands starfar með nær 500 háskólum víða um heim og árlega nýta sér fjölmargir það samstarf og taka hluta af námi sínu erlendis. Fulltrúi frá Skrifstofu alþjóðasamskipta og alþjóðafulltrúi Menntavísindasviðs ræða um umsóknarferlið og þau atriði sem nemendur þurfa að hafa í huga. Kynningin er haldin í tengslum við Alþjóðaviku HÍ.

Stafrænn heimur Bjarkar verður til sýnis í Hörpu fram að áramótum.



Sýningar

Hvað? Handverk og hönnun
Hvenær? 10.00
Hvar? Ráðhúsi Reykjavíkur
Síðasti dagur sýningarinnar er í dag svo hver fer að verða seinastur við að skoða það ferskasta í handverki og hönnun í dag. Þarna eru til sýnis leirmunir, gler, skart, barnaföt, munir úr tré, leðurvörur, skór, fatnaður og margt fleira.

við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, en í doktorsnefnd voru auk hans Sverrir Tómasson, próffessor emeritus, og Alison Finlay, próffessor í enskum og íslenskum miðaldabókmenntum við Birkbeck College í London. Gunnþórunn Guðmundsdóttir, forseti Íslensku- og menningardeildar, stjórnar athöfninni.

Hvað? Fyrirlestur Guðrúnar Evu Mínervudóttur
Hvenær? 11.40
Hvar? Aðalbyggingu Háskóla Íslands, stofu 229
Rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir heldur fyrirlestur á málstofu í boði Guðfræðistofnunar. Í

Hvað? Sýningar á verkum Jóns Kaldal
Hvenær? 10.00

Hvar? Þjóðminjasafn Íslands
Nú standa yfir tvær sýningar á verkum Jóns Kaldal í Þjóðminjasafninu. Annars vegar er það sýningin Portrett Kaldals þar sem sýndar eru sigildar portrettmyndir Jóns. Mikið af þeim myndum sem eru til sýnis þar eru auðvitað algjör klassík – þar má nefna sem dæmi portrett hans af Ástu Sigurðardóttur, Steini Steinari, Halldóri Laxness og Jóhannesi Kjarval svo dæmi séu tekin. Hins vegar er það Kaldal í tíma og rúmi þar sem sýnt er úrval ljósmynda sem eru teknar innan dyra á heimilum fólks, í heimavistarskólum eða á vinnustöðum.

Hvað? Ein saga enn...
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsið, Tryggvagötu
Sýning Yoko Ono í Hafnarhúsinu stendur nú yfir. Sýningunni er ætlað að varpa ljósi á grunnþætti í yfirgripsmiklum og fjölbreyttum listaferli Yoko Ono – ferðalagið

gegnum sjálfa hugmyndina um myndlist, með kraftmiklum félagslegum og pólitískum undirtóni. Annars vegar eru fyrirmælaverkin sem vekja spurningar um huglæg undirstöðuatriði að baki hverju listaverki og beina athyglinni að forgengileika þess um leið og þau afhelga listhlutinn, auk þess sem þátttöku áhorfenda er krafist til að verkin verði að veruleika. Hins vegar eru frásagnirnar sem tjá ljóðræna og gagnrýna sýn Yoko Ono. Sýningarstjóri er Gunnar Kvaran.

Hvað? Stafrænn heimur Bjarkar
Hvenær? 13.00
Hvar? Harpa
Í Stafrænum heimi Bjarkar, eða Björk Digital, er skeytt saman sýndarveruleika og tónlist Bjarkar á glæsilegan hátt. Þarna er áhorfendum gefinn kostur að kynnast tónheimi Bjarkar á nýjan hátt en hún hefur í samvinnu við nokkrar færustu leikstjóra og forritara á sviði sýndarveruleika útbúið verk í þeim heimi.

Félagsfundir

MATVÍS boðar til félagsfunda með sveinum og nemum

Fundirnir verða haldnir í húsakynnum félagsins Stórhöfða 31 í Reykjavík og á Akureyri á Hótel Kea.

8. nóvember félagsmenn í matreiðslu og framreiðslu kl. 15.00 í Rvk.
9. nóvember félagsmenn í matreiðslu og framreiðslu kl. 14.30 á Ak.
9. nóvember félagsmenn í bakstri kl. 15.30 á Akureyri
9. nóvember félagsmenn í kjötið kl. 17.00 á Akureyri
16. nóvember félagsmenn í bakstri kl. 15.00 í Reykjavík.
16. nóvember félagsmenn í kjötið kl. 17.00 í Reykjavík


BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Girl With All The Gifts..... 17:30, 20:00
Ransacked..... 18:00
Eiðurinn ENG SUB 17:45
Innsæi / The Sea Within 20:00
Can't Walk Away ENG SUB..... 20:00
Child Eater..... 22:30
Captain Fantastic..... 22:00
Embrace Of The Serpen..... 22:00

InnSæi
The Power of Imagination

DAGSKRÁ

Mánudagur



LÓA PIND: BARA GEÐVEIK

Hugrakkir Íslendingar opna sig um geðklofa, þunglyndi, geðhvörf og kvíða í vandaðri þáttaröð Lóa Pind. Í fyrsta þættinum kynnumst við Silju Björk sem var hætt komin vegna þunglyndis og hittum verkfræðinemannt fyrrverandi Brynjar Orra sem í dag er skapandi ungur maður að fóta sig í nýrri tilveru á geðlyfjum.

FRÁBÆRT
MÁNUDAGSKVÖLDFáðu þér áskrift á **365.is****365**

GULLI BYGGIR

Gulli Helga aðstoðar fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum þess og ekkert verkefni er of stórt þannig að það sé ekki leyst á frumlegan og skapandi hátt. Stórskemmtilegur lokapáttur.

LOKAPÁTTURMEET THE DONORS:
DOES MONEY TALK?

Áhugaverður heimildapáttur þar sem Alexandra Pelosi hittir nokkra af fjársterkustu einstaklingunum sem styrkja bandarísku forsetafram- bjóðendurnar í komandi kosningum.

**NÝR
HEIMILDAPÁTTUR
FRÁ
HBO**

WESTWORLD

Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðinsskemmtigarði en fljótlega kemur í ljós galli í vélmennunum sem hefur ógnvænlegar afleiðingar.

**3**

KLOVN

Önnur þáttaröðin um þá félagi Frank og Casper og þeirra ótrúlega áventýri sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.

**1. PÁTTUR**

365.is

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
 - 07.25 Tommi og Jenni
 - 07.45 2 Broke Girls
 - 08.10 The Middle
 - 08.35 Ellen
 - 09.15 Bold and the Beautiful
 - 09.35 Doctors
 - 10.20 Who Do You Think You Are
 - 11.00 Sullivan & Son
 - 11.20 Eldhúsið hans Eypórs
 - 11.50 My Dream Home
 - 12.35 Nágrannar
 - 13.00 Britain's Got Talent
 - 14.50 Falcon Crest
 - 15.40 Brother vs. Brother
 - 16.30 Tommi og Jenni
 - 16.55 Bold and the Beautiful
 - 17.20 Nágrannar
 - 17.45 Ellen
 - 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 - 18.55 Íþróttir
 - 19.05 Fréttir Stöðvar 2
 - 19.20 Meet the Donors. Does Money Talk?
 - 20.25 Gulli byggir
 - 20.55 Lóa Pind. Bara geðveik
- Vönduð og glæsileg þáttaröð í umsjón Lóa Pind. Við kynnumst þremur geðveikum ungmennum á þritugsaldri, þeim Silju Björk, Brynjari Orra og Bjarneyju. Eins skygnumst við inn í líf Ágústu sem hefur glimt við geðsjúkdóm í um aldarfjórðung. Opinska og einlæg segja þau frá veikindum sínum; geðklofa, geðhvörfum, þunglyndi, ranghugmyndum og skrytnum aðstæðum sem fárveikar manneskjur. Þau eru geðveik. En ekki bara geðveik. Þau eru líka upprennandi rithöfundur, snjóbrettagaur, mamma, þjónn, kærasta, bróðir, skemmtileg, lífsglöð og með blík í augum þegar vel gengur.
- 21.25 The Night Shift
 - 22.15 Westworld
 - 23.15 The Path (8.10)
 - 00.10 Underground
 - 00.50 Blindspot
 - 01.35 Lucifer
 - 02.20 Mistresses
 - 03.00 Mistresses
 - 03.40 The Mysteries of Laura
 - 04.25 Major Crimes
 - 05.05 Bones
 - 05.45 Not Safe for Work

SPORT

- 07.20 Green Bay Packers - Indianapolis Colts
- 09.40 Hamburger - Bor. Dortmund
- 11.20 Bayern Munchen - Hoffenheim
- 13.00 Leicester - WBA
- 14.40 Arsenal - Tottenham
- 16.20 OpenCourt - All-Star Stories & Memories
- 17.10 Green Bay Packers - Indianapolis Colts
- 19.30 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur 2016/2017
- 19.55 Football League Show 2016/17
- 20.30 Spænsku mörkin 2016/2017
- 21.00 Messan
- 22.30 Sevilla - Barcelona
- 00.10 West Ham - Stoke City

SPORT 2

- 10.00 Brentford - Fulham
- 11.40 Wolverhampton - Derby
- 13.20 Bristol City - Brighton
- 15.00 Real Madrid - Leganés
- 16.40 Keflavík - Tindastóll
- 18.20 KR - Þór Þ.
- 20.00 Körfuboltakvöld 2016/2017
- 21.40 Man. City - Middlesbrough
- 23.20 Hull - Southampton

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-iðFM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

STÖÐ 3

- 17.30 Mike & Molly
- 17.50 The League
- 18.15 New Girl
- 18.40 Modern Family
- 19.05 Fóstbræður
- 19.35 Stelpurnar
- 20.00 Sælkeráferðin
- 20.20 Who Do You Think You Are?
- 21.30 The Vampire Diaries
- 22.15 Banshee
- 23.00 Klovn
- 23.30 The Last Man on Earth
- 23.50 The Americans
- 00.35 The Mentalist
- 01.20 Stelpurnar
- 01.40 Sælkeráferðin
- 02.00 Who Do You Think You Are?
- 03.00 The Vampire Diaries
- 03.45 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

- 07.00 Lina langsokkur
- 07.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 07.37 Stóri og litli
- 07.49 Zigby
- 07.59 Hvellur keppnisbill
- 08.10 Ævintýraferðin
- 08.25 Latibær
- 08.47 Mæja býfluga
- 09.00 Dóra könnuður
- 09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 09.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 10.00 Áfram Diego, áfram!
- 10.24 Svampur Sveinsson
- 10.49 Lalli
- 10.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 11.00 Lina langsokkur
- 11.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 11.35 Stóri og litli
- 11.47 Hvellur keppnisbill
- 12.00 Zigby
- 12.10 Ævintýraferðin
- 12.25 Latibær
- 12.47 Mæja býfluga
- 13.00 Dóra könnuður
- 13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 13.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 14.00 Áfram Diego, áfram!
- 14.24 Svampur Sveinsson
- 14.49 Lalli
- 14.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 15.00 Lina langsokkur
- 15.25 Gulla og grænjaxlarnir
- 15.35 Stóri og litli
- 15.47 Hvellur keppnisbill
- 16.00 Zigby
- 16.10 Ævintýraferðin
- 16.25 Latibær
- 16.47 Mæja býfluga
- 17.00 Dóra könnuður
- 17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 17.47 Doddi litli og Eyrnastór
- 18.00 Áfram Diego, áfram!
- 18.24 Svampur Sveinsson
- 18.49 Lalli
- 18.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 19.00 Kapteinn Skögultönn

17.47
Doddi litli og
Eyrnastór

BÍÓSTÖÐIN

- 11.45 The Truth About Cats and Dogs
- 13.25 Diminished Capacity
- 14.55 Ocean's Eleven
- 16.50 The Truth About Cats and Dogs
- 18.30 Diminished Capacity
- 20.00 Ocean's Eleven
- 22.00 Fast Five Mögnuð mynd frá 2011 með Paul Walker og Vin Diesel í aðalhlutverkum. Fyrrverandi löggan Brian O'Connor fer að vinna með fyrrverandi tugthús-linum Dom Toretto, á öfugum enda laganna. Allt síðan Brian og Mia Toretto hjálpuðu Dom að flýja úr fangelsi, þá hafa þau farið yfir mörg landamæri til að sleppa undan réttvísinni. Nú eru þau komin með bakið upp að vegg í Rio De Janeiro í Brasilíu, og þau verða að ljúka einu verkefni í viðbót til að öðlast frelsi. Þau safna saman úrvalslíði kappakstursmanna til að mæta spilltum viðskiptajöfri sem vill þau öll dauð.
- 00.15 Last Days On Mars
- 01.55 Trespass
- 03.30 Fast Five

RÚV

- 17.20 Landinn
- 17.50 Táknáfréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hvolpasveitin
- 18.24 Unnar og vinur
- 18.50 Krakkafréttir
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Martin Clunes: Menn og dýr
- 20.55 Bannorðið
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Frumherjar sjónvarpsins - Robin Williams
- 23.15 Erfingjarnir
- 00.10 Kastljós
- 00.35 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

- 00.26 Hawaii Five-0
- 01.10 Shades of Blue
- 01.54 Law & Order. Special Victims Unit
- 02.44 Secrets and Lies
- 03.31 Ray Donovan
- 04.23 Under the Dome
- 05.04 The Late Late Show with James Corden
- 05.46 Pepsi MAX tónlist
- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 The Millers
- 08.22 Dr. Phil
- 09.05 The Biggest Loser
- 09.47 The Biggest Loser
- 10.32 Pepsi MAX tónlist
- 13.15 Dr. Phil
- 13.56 America's Funniest Home Videos
- 14.23 Chasing Life
- 15.07 Grandfathered
- 15.29 Younger
- 15.51 Jane the Virgin
- 16.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
- 17.20 The Late Late Show with James Corden
- 18.00 Dr. Phil
- 18.35 Everybody Loves Raymond
- 19.00 King of Queens
- 19.25 How I Met Your Mother
- 19.50 Superstore
- 20.15 No Tomorrow
- 21.00 Hawaii Five-0
- 21.45 Shades of Blue
- 22.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
- 23.10 The Late Late Show with James Corden
- 23.50 Scandal

OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku

Taktu þátt í leiknum á princepolo.is
Þú gætir unnið **iPhone 7**



Nr. 1

Kauptu **Prince Polo**
í **RETRO** umbúðum í
næstu verslun

Nr. 2

Taktu mynd eða video í
retro stíl og póstaðu á
Instagram og merktu með
#PRINCEPOLORETRO

Nr. 3

Flottasta myndin / videoið
verður valið og höfundurinn
fær iPhone 7 í retro hulstri
og kassa af
Prince Polo RETRO



Prince Polo RETRO er komid í verslanir

Charlotte Julien
HEILSURÚM



STILLANLEG HEILSURÚM

25%
AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!

TEMPUR

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

STILLANLEG HEILSURÚM



STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigetá yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótur þarfnast ekki viðhalds
- Tviðert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukkan
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

STILLANLEGT RÚM – VERÐDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800

Tilboð 442.350 kr.

OKKAR KLASSÍSKI

HEILSUINNISKÓR

Vinsælasta jólagöfin í Betra Baki komin aftur. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótasvæðið. **Ný og endurbætt útgáfa!**



3.900 KR.

NÝJUNG Í BETRA BAKI

SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgráu eða ljósu flókaefni. **Komdu og prófaðu!**



BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

7.900 KR.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

**Betra
BAK**



Það er nóg um að vera hjá Elmu Stefáníu Ágústsdóttur leikkonu um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

Býr sig undir tökur á Ég man þig

Elma Stefánía Ágústsdóttir leikkona undirbýr sig nú fyrir tökum á spennumyndinni *Ég man þig*, eftir bók Yrsu Sigurðardóttur, í leikstjórn Óskars Þórs Axelssonar, en nýlega hófust tökum á seinni hluta myndarinnar. Elma er fastráðin leikkona við Borgarleikhúsið þar sem hún fer með hlutverk Hallgerðar langbrókar í Njálu.

Ég man þig fer Elma Stefánía með hlutverk Söru, fyrrverandi eiginkonu Freys, sem leikinn er af Jóhannesi Hauki Jóhannessyni. Óskar Þór Axelsson leikstýrir myndinni sem byggir á bók Yrsu Sigurðardóttur. Bókin naut mikilla vinsælda hérlendis og erlendis þegar hún kom út en þetta er fyrsta myndin sem byggð er á sögu eftir Yrsu.

„Sara er frekar vel stæð kona sem hefur unnið mikið í þeirri miklu sorg sem hún og maðurinn hennar eru að ganga í gegn um,“ útskýrir Elma Stefánía, en sjö ára sonur þeirra hjóna týndist og upp úr því komu hnökur í hjónabandið. „Þau eru sem sagt skilin og fara hvort í sína áttina. Taka mjög ólíkt á sorginni og þroskast í sundur. Sara sækir sér hugarró hjá miðli og í andlegum málefnum.“

Í kvikmyndinni fléttast tvær sögur saman í eina. Þessar sögur lúta ólíkum lögmálum. Önnur er alveg ekta draugasaga, en hin meiri sakamálasaga, og Óskar fléttar þessum tveimur sögum Yrsu snilldarlega saman.

„Tökur á fyrrihluta myndarinnar fóru fram í fyrra og gekk það allt saman vel. Núna er hins vegar komið að seinni hluta myndarinnar, þar sem mínar senur verða teknar. Það er frábært að vinna með Óskari, hann er góður leiðbeinandi, ég er nú þegar búin að fara í búningamátun og æfingu, svo held ég bara áfram að undirbúa mig fram að tökum,“ segir Elma en ásamt því að leika í *Ég man þig*, fer Elma með tvö stór hlutverk í Borgarleikhúsinu um þessar mundir.

„Það er nóg að gera í leikhúsinu. Ég er að leika Hallgerði langbrók í Njálu eftir þá Mikael Torfason og Þórleif Örn Arnarsson. Þetta er



Elma Stefánía fer með hlutverk Hallgerðar langbrókar í Njálu. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÞETTA ER VIRKILEGA KREFJANDI OG SKEMMTILEGT HLUTVERK OG EIN SKEMMTILEGASTA SÝNING SEM ÉG HEF TEKID ÞÁTT Í.

virkilega krefjandi og skemmtilegt hlutverk og ein skemmtilegasta sýning sem ég hef tekið þátt í. Það eru örfáar sýningar eftir svo það fer hver að verða síðastur að koma en ég mæli algjörlega með þessari sýningu,“ segir Elma Stefánía.

Elma er þaulvön að stíga á svið í hinum ýmsu hlutverkum. Hún hefur tekið á við hvert burðarhlutverk íð á eftir öðru frá því hún útskrifaðist úr leikaranámi frá Listaháskóla Íslands fyrir þremur árum. Þá hefur hún þrisvar verið tilnefnd til Grímuvörðlauna fyrir túlkun sína

á ýmsum hlutverkum. Í vetur er hún einnig í sýningunni Hannes og Smári í Borgarleikhúsinu. Sú sýning er á leið til Akureyrar í nóvember og segir Elma að það sé mikið grín og gaman að leika á móti Ólafíu Hrönn og Halldóru Geirharðsdóttur en þær leika Hannes og Smára.

„Það er virkilega skemmtilegt að taka þátt í þessari sýningu. Hún er bæði myndin og mikilvæg.“

Í janúar fer Elma Stefánía svo í farsann Út að aka í leikstjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar.

„Það er frábært að fá að taka þátt í sýningunni hans Magnúsar Geirs. Ég hef aldrei leikið í farsa áður svo það er alveg nýtt og ekki skemmir fyrir að í þessari sýningu verður einvalið leikara,“ segir Elma Stefánía og neitar svo að ræða frekar um aðra bíómynd sem ráðgert er að fari í tökum á næsta ári.

gudrunjona@frettabladid.is

STEVE-O

THE END OF THE WORLD TOUR

A NOT-SO-APOCALYPTIC COMEDY / VARIETY SHOW

Stjarnan, úr Jackass **jackass**



HÁSKÓLABÍÓ
22. DESEMBER
KL 20:00

Miðasala á midi.is

steveo.com - www.facebook.com/SteveO



Bakpankar

Berglindar
Pétursdóttur



Fluguplágan

Ég sat nýlega í makindum mínum og las dagblaðið við eldhúsborðið. Þetta var snemma dags og sólin skein. Ég leit út á ógeðslega garðinn minn og hugsaði með mér að ég þyrfti nú að fara að bjóða mömmu yfir og leyfa henni að taka til hendinni þarna. Ég fann hvernig ég byrjaði að hægðast í hitanum svo ég opnaði gluggann til að fríska upp á andrúmsloftið. Stakk svo nefinu aftur ofan í blaðið en þegar ég leit upp var íbúðin full af flugum. Ekki svona sumarþustaðflugum sem hlussast um í loftinu heldur þínulitlum flugum sem lufsast um alveg upp við andlitíð á manni og í kringum vaskinn. Ég hef heyrt þessar skepnur kallaðar ávaxtaflugur og bananaflugur sem mér finnst hreinlega allt of krúttleg nöfn á slíka plágu.

Ég fann fyrst fyrir skömm yfir að reka heimili þar sem væru ógeðslegar flugur. Íbúðin var hrein, flugurnar komu úr þessum ógeðslega garði. Þegar þær voru búnar að svífa þarna um í nokkra daga og ég byrjuð að ihuga að setja íbúðina á sölu ákvað ég að taka á mínum málum. Ég leitaði ráða hjá þeim sem allt vita, húsmæðrum á internetinu. Þessir óeigingjörnu hermenn heimilanna gáfu mér góð ráð og uppskrift að gildru fyrir flugnagerið. Ég hóaði í son minn og sagði honum að við værum að fara að smíða gildru, virkilega skemmtilegt samstarfsverkefni fyrir mæðgin, mæli með. Gildran samanstóð af rauðvíni í glasi með götöttu loki, þar sem flugurnar skriðu ofan í og gæddu sér á góðri þrúgu. Ég hafði öðrum hnöppum að hneppa þennan dag og þegar ég sneri aftur voru þær drukknadar í glasinu, allar með tölu.

Það sem ég lærði af þessu var að við erum ekki svo ólíkar eftir alltsaman, ég og flugurnar. Okkur finnst öllum rauðvín mjög gott.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ENGIHJALLA,
VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA



Iceland



MIDVIKUDAGA KL. 19:50 

50% AFSLÁTTUR!



KING KOIL[®] SUMMER GLOW

EITT VINSÆLASTA HEILSURÚMIÐ OKKAR FRÁ KING KOIL



SUMMER GLOW

(Queen Size 153x203 cm)

- Millistíft fimm- svæða skipt 798 pokagormakerfi þar sem hver gormur er innpakkður og því nánast engin hreyfing milli svefnsvæða.
- Mjúkur toppur 4 cm af þrýstjónunarfelsvampi, gæða kaldsvampi og polyfiber fyllingu.
- Dýnan er með stífum og góðum köntum sem gerir það að verkum að svefnflöturinn nýtist vel.
- Svartur, hvítur eða brúnn PU-leðurklæddur stífur botn með fótum.

AÐEINS 12.424 kr. Á MÁNUÐI*
OG FYRSTA GREIÐSLAN Í FEBRÚAR 2017

Fullt verð 278.710 kr.

TILBOÐSVERÐ 139.355 kr.

(*Míðað við 12 mánaða vaxtalausán raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)

COMO HÆGINDASTÓLL

Vinsælu COMO hægindastólarnir komnir aftur. Tryggðu þér nettan og þægilegann stól á frábæru verði. Fæst í þremur litum.

COMO hægindastóll
Verð 43.500 kr.

TILBOÐ 29.580 kr.*

*Aðeins í örfáa daga



rekkjan